# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ** **31. desember 2012** | 306. tölublað 12. árgangur | Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**SÉRBLAÐ**

Fólk


FÓLK

MIKIL UPPLIFUN FYRIR FERÐAMENN

ÞETTA ER TUDOR


2012 Í MYNDUM 22


RÖKSTÓLAR 20


BEST AÐ SPILA UNDIR PRESSU 50




# GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

Fréttablaðið þakkar lesendum samfylgdina á gamla árinu og óskar landsmönnum velfarnaðar á nýju ári.


LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is

## Gleðilegt nýtt ár

**Við höfum opið um áramótin**

**Opið gamlársdag:**
kl. 8–18 í Lágmúla
kl. 8–18 á Smáratorgi

**Opið nýársdag:**
kl. 10–1 í Lágmúla
kl. 9–24 á Smáratorgi



## SPURNING DAGSINS



Ásdís Guðný, er þetta bölvanlegt ástand?

**„Nei, mig blóðlangar að vinna við þetta.“**

Ásdís Guðný Guðmundsdóttir, einn búningameistara Þjóðleikhússins, sér um að halda búningum leikara í Shakespeare-sýningunni Macbeth hreinum, en sýningin er blóðug í meiralagi. Eins og frægt er fylgir bölvun leikritinu Macbeth, sem starfsmenn leikhúsa um allan heim kjósa að gera ekki lítið úr.

Barack Obama reynir að ná þrautalendingu í deilunni við repúblikana um efnahag Bandaríkjanna:

# Vongóðir um að forða sér frá hengifluginu

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti hélt í gær áfram að þrýsta á þingmenn repúblikana að samþykkja samkomulag sem mundi koma í veg fyrir að landið steyptist fram af „efnahagslegu hengiflugi“.

Um áramótin renna úr gildi tímabundnar skattalækkanir sem samþykktar voru í tíð George W. Bush. Ef ekkert verður að gert munu skattar þá hækka á alla Bandaríkjamenn og menn óttast að það kunni að valda miklum samdrætti í bandarísku efnahagslífi sem aftur hefði skaðleg áhrif á gjörvallt efnahagskerfi heimsins.

Obama var gestur í þættinum Meet the Press á sjónvarpsstöðinni NBC í gær. Viðtalið var tekið upp á föstudag, en þar sagði hann að viðræðurnar við repúblikana stranduðu einkum á því að þeir vildu fyrst og fremst halda hlífiskildi yfir hinum ríku.

„Ég hef verið svo sanngjarn að margir demókratar eru orðnir reiðir við mig,“ sagði Obama um tilboðin sem hann hafði gert repúblikönum en þeir hafnað.

Demókratar leggja mesta áherslu á að tryggja að skattar á millistéttina hækki ekki og að stór hópur fólks missi ekki réttinn á atvinnuleysisbótum.

Þingmenn höfðu gefið sér til átta að íslenskum tíma í gærkvöldi til að ná lendingu sem hægt yrði að greiða atkvæði um í þinginu. - sh



**SANNGJARN** Obama hefur reitt samflokksmenn sína til reiði með sanngirni sinni, að eigin sögn. NORDICPHOTOS/AFP



**FJÓRIR LÁTNIR** Vélin rann til í lendingu og endaði á umferðargötu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskætt flugslys varð í Moskvu á laugardag:

## Flugritar eru nú rannsakaðir

**MOSKVA, AP** Flugritar rússnesku flugvélarinnar sem hrapaði í Moskvu á laugardag eru nú rannsakaðir, ásamt eldsneytissýnum úr vélinni. Enn er ekki vitað hvað olli slysinu.

Í flugvélinni voru ekki aðrir en áhöfn hennar. Hún rann til á flugbraut Vnukovo-flugvallarins í lendingu og út á nærliggjandi umferðargötu þar sem kviknaði í henni. Fjórir sem um borð voru létu lífið.

Alls voru átta manns um borð. Hinn helmingur áhafnarinnar liggur enn þungt haldinn á gjörgæslu. - hva

Sænskur ráðherra:

## Hestar eru til í alvörunni

**SVÍÞJÓÐ** Landbúnaðarráðherrann í Svíþjóð sá nýverið ástæðu til að taka fram í fjölmiðlum að hestar væru til sem dýrategund, meira að segja væru til mörg afbrigði. Frá þessu segir á Aftenposten.

Ástæða þessarar tilkynningar er sú að Facebook-síða með yfirskriftinni „Hestar eru ekki til“, er ein sú vinsælasta þar í landi og Noregi þar sem um 240.000 manns hafa „líkað“ við síðuna.

Kenning síðuhaldara er sú að tilvist hesta sé goðsögn. Hestar séu ávöxtur sem ekki sé til, líkt og drekar séu uppdiktuð skriðdýr. Stjórnvöld vonast nú hins vegar til að hafa tekið af öll tvímæli. - þj

## Lést í köfunarslysi í Silfru

Maðurinn sem lést í köfunarslysi í Silfru á föstudag hét Björn Kolbeinsson og var fæddur 25. júlí 1977. Hann var ókvæntur og barnlaus.

Hann bjó í Genf í Sviss og starfaði þar sem sérfræðingur hjá EFTA. Hann var á Íslandi í jólafríi hjá foreldrum sínum og systkinum.

**SAMGÖNGUR**

### Salt og sandur í boði

Í dag eru hverfastöðvar opnar frá 8 til 12 í höfuðborginni. Þangað geta íbúar sótt sér sand og salt til eigin nota. Í gær var ötullega unnið að snjóruðningi, en fólk beðið að láta vita verði vart við að snjór stífli niðurföll.

# Vilja bann strax við öflugum skoteldum

Drengur í Svíþjóð missti fótlegg frá nára eftir að hafa fengið flugeld í lærið í fyrra. Sænskir læknar vilja að sett verði nú þegar bann við öflugustu flugeldunum. Samkvæmt tilskipun ESB verða öflugustu raketturnar bannaðar eftir fimm ár.

**ÁRAMÓT** „Hversu mörgum líkamshlutum á vera leyfilegt að fórna?“ Þannig spyrja fjórir læknar í umræðugrein í sænska læknablaðinu þar sem þeir lýsa sprengjuáverka sem 13 ára drengur hlaut um áramótin í fyrra. Flugeldur skaust í lærið á drengnum af 10 til 15 metra færi og tættist lærið í sundur.

Að sögn læknanna brotnaði lærbein drengsins á þremur stöðum auk þess sem vöðvarnir soðnuðu bókstaflega í sundur vegna hitans af brennandi málmhlutum í flugeldinum. Taka varð fótlegginn af drengnum rétt neðan við nára.

Í viðtali við sænska ríkisútvarpið segir einn læknanna, Carl Johan Tiderius, að það hefði verið eins og drengurinn, sem fór út að horfa á flugelda með mömmu sinni, hefði stigið á jarðsprengju eða fengið sprengikúlu í lærið.

Læknarnir krefjast þess að leyfilegt hámarksmagn sprengiefna í öflugustu skoteldunum, sem nú er 250 g í Svíþjóð, verði strax minnkað í 75 g en ekki eftir fimm ár eins og tekin hefur verið ákvörðun um. Vitna læknarnir í reglur MSB, Myndigheten för samhällsskydd och beredskap, frá 2010.

Í frétt á vef Svenska Dagbladet segir að öflugustu skoteldarnir verði bannaðir innan Evrópusambandsins, ESB, eftir fimm ár. Ekki er útilokað að bannið verði sett á í Svíþjóð fyrir árið 2017, að sögn Ingemars Malmström, hjá MSB.

Á Íslandi er í gildi reglugerð nr. 952/2003 um skotelda. Í reglugerðinni er ekki getið um leyfilegt hámarksmagn sprengiefnis í skoteldum sem eru flokkaðir í fjóra flokka, allt frá skoteldum sem skapa litla hættu til öflugra skotelda. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um vopn, sprengiefni og skotelda þar sem vísað er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins.

„Ég veit að Bretar eru búnir að taka ákvörðun um að minnka leyfilegt hámarksmagn sprengiefna í flugeldum. Stærstu rakettúrnar sem eru á markaði hér eru í 250 g flokki, að ég held,“ segir Örn Árnason flugeldasali.

ibs@frettabladid.is



**FLUGELDASALA** Unnur Úlfarsdóttir hjá Hjálparsveit Skáta í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Rúmlega 30 flugeldaslys um áramót

Rétt rúmlega 30 slys af völdum flugelda verða að jafnaði um áramót, að sögn Rögnu Gústafsdóttur, deildarstjóra á slysadeild Landspítala.

„Í flestum tilfellum er um bruna að ræða. Sem betur fer hefur sprengjuáverkum fækkað en þeir verða ef bomburnar eru stórar. Sprengjuáverkar geta verið mjög alvarlegir.“

Að sögn Rögnu eru það ekki lengur unglingsstrákar sem eru fjölmennasti hópurinn sem kemur á slysadeild um áramót vegna flugeldaslysa. „Það eru pabbarnir á aldrinum 25 til 35 ára. Þeir sýna ekki nógu mikla aðgæslu. Svo kemur líka fólk á slysadeildina sem ekki hefur verið að meðhöndla flugelda, heldur fengið brot í sig.“




Al-kaída leggur fé til höfuðs sendiherra Bandaríkjanna í Jemen:

# Bjóða þrjú kíló af gulli fyrir dráp

**JEMEN, AP** Deild Al-kaída í Jemen hefur lagt fé til höfuðs bandaríska sendiherranum í Sanaa og hermönnum Bandaríkjahers í landinu. Hverjum þeim sem tekst að drepa sendiherrann eða amerískan hermann er lofað tugþúsundum Bandaríkjadala.

Í hljóðvarpi sem al-Malahem-stofnunin, fjölmiðlunararmur Al-kaída-deildarinnar, sendi út á laugardag og birti á vefmiðlum er lofað þremur kílóum af gulli fyrir víg sendiherrans. Slíkt magn af gulli er 160 þúsunda Bandaríkjadala virði, eða sem svarar tæplega 21 milljón króna.

Þá er lofað fimm milljónum jemenskra ríala hverjum þeim sem drepur amerískan hermann í Jemen. Sú upphæð samsvarar 23 þúsund dölum, eða rétt tæpum þremur milljónum króna.

Boðið um greiðslu fyrir víg af þessu tagi er sagt gilda næsta hálfa árið.

Viðbrögð fengust ekki við hótuninni hjá sendiráði Bandaríkjanna í Sanaa þegar fréttastofa AP leitaði eftir þeim í gær. Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa hins vegar sagst líta á deild Al-kaída í Jemen sem eina þá hættulegustu sem rekin er í nafni samtakanna.

Yfirmenn öryggismála í Sanaa upplýstu í gær að tveir vígamenn á mótorhjólum hafi snemma í gærmorgun ráðist á og drepið tvo starfsmenn leyniþjónustu landsins þar sem þeir yfirgáfu öryggisbygginguna í miðbæ borgarinnar. Það er Al-kaída vígamönnum á mótorhjólum kennt um fjölda sambærilegra drápa á leyniþjónustumönnum og hermönnum fyrr á þessu ári. - óká



**HERMENN Í JEMEN** Öryggisgirðing á veginum að forsetahöllinni í Sanaa, höfuðborg Jemen. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Mjólkursamsalan óskar landsmönnum árs og friðar

Þökkum viðskiptin á árinu

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## GENGIÐ 28.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,68 | 129,30 |
| Sterlingspund | 206,99 | 207,99 |
| Evra | 169,45 | 170,39 |
| Dönsk króna | 22,710 | 22,842 |
| Norsk króna | 22,995 | 23,131 |
| Sænsk króna | 19,729 | 19,845 |
| Japanskt jen | 1,4914 | 1,5002 |
| SDR | 197,55 | 198,73 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 232,8427

Vel gekk að slökkva eld sem kom upp í flugrútunni á leið til Keflavíkur:

# 60 farþegar flúðu logandi rútu

**BRUNI** Sextíu farþegar flúðu úr flugrútunni á Reykjanesbraut þegar eldur kviknaði í henni rétt fyrir klukkan níu í gærmorgun.

Fólkið var á leið til Keflavíkur í flug þegar eldurinn kom upp til móts við Ásvelli í Hafnarfirði. Farþegarnir voru allir komnir úr rútunni þegar slökkviliðið bar að en töluverður eldur logaði þá í og við vélina aftast í bílnum. Slökkvistarf gekk vel. Önnur rúta kom fljótlega á vettvang og ferjaði fólkið á flugvöllinn í tæka tíð. - sh



**SKÍÐLOGAR** Á þessari mynd, sem vegfarandi tók á Reykjanesbrautinni í gærmorgun, sést glögglega hve mikill eldur logaði í rútunni.

Járnfrúin braggast:

## Thatcher komin af spítala

**LUNDÚNIR, AP** Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, var útskrifuð af spítala á laugardag eftir að æxli við þvagblöðru hennar var fjarlægt.

Breskir fjölmiðlar greina frá því að aðgerðin hafi lukkast vel. Heilsu Thatcher, sem er 87 ára, hefur hrakað undanfarinn áratug.

Hún hefur lítið verið í sviðsljósinu eftir ítrekuð heilablóðföll sem hún fékk árið 2002.

Thatcher var forsætisráðherra Breta á árunum 1979 til 1990. - hva



**ENN Á LÍFI** Minningargreinin var birt fyrir mistök. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

George Bush eldri tórir enn:

## Der Spiegel hljóp á sig

**ÞÝSKALAND, AP Þýska vikublaðið Der Spiegel gerði þau pínlegu mistök að birta minningargrein um George Bush eldri, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, þrátt fyrir að hann væri enn á lífi.**

**Bush var lagður inn á spítala í lok nóvember vegna bronkítis og fékk á Þorláksmessu háan hita og var færður yfir á gjörgæsludeild.**

**Minningargreinin, sem birtist á vefsíðu blaðsins, var þar inni í nokkrar mínútur áður en glöggir netverjar náðu að gera viðvart.**

**Talsmaður Der Spiegel segir að um tæknileg mistök hafi verið að ræða og biðst afsökunar á fljótfærninni.** - hva

Eigendur Keilis á Ásbrú:

## Allur arður fari í uppbyggingu

**MENNTUN** Eigendur Keilis hafa ákveðið að ekki verði greiddur arður úr félaginu. Allur arður sem verður til í félaginu verði notaður til að uppbyggingar skólans.

Í tilkynningu segir að allt fé sem komi til skólans, „opinbert fé jafnt sem sjálfsaflafé“, muni renna til þess. Keilir er í eigu Háskóla Íslands, sveitarfélaga og ýmissa félaga og stofnana.

Árni Sigfússon, stjórnarformaður Keilis, segir reksturinn hafa verið í járnum. - bj

# Lést af sárum sínum eftir hrottalega árás

Sex menn sem réðust á og nauðguðu konu á Indlandi hafa verið ákærðir fyrir morð. Konan lést í Singapúr á laugardag. Forsætisráðherrann Manmohan Singh tók á móti fjölskyldu konunnar í Nýju-Delí í gær þar sem útför hennar fór fram.

**NÝJA-DELÍ, AP** Sex menn sem nauðguðu og misþyrmdu ungri konu í strætisvagni í Nýju-Delí á Indlandi um miðjan desember hafa verið ákærðir fyrir morð.

Konan sem þeir réðust á lést af sárum sínum á spítala í Singapúr á laugardag. Þangað hafði hún verið flutt til frekari aðhlynningar. Lík hennar var flutt aftur til Nýju-Delí þar sem útför hennar fór fram. Öryggisgæsla þar var ströng og almenningi og fjölmiðlum meinaður aðgangur.

Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, og Sonia Gandhi, formaður stærsta þingflokksins, voru á flugvellinum til að taka á móti líki konunnar og ættingjum hennar.

Árásin, sem stóð yfir í meira en klukkustund 16. desember, hefur vakið mikinn óhug um allan heim og haldnar hafa verið fjölmennar mótmælagöngur og minningarathafnir í mörgum af stærstu borgum Indlands.

Eftir að fréttist af andláti hennar á laugardag héldu þúsundir Indverja bænastundir og gengu um götur með logandi kerti.

Ákæra fyrir morð var gefin út á hendur árásarmönnunum nokkrum klukkustundum eftir að konan lést. Almenningur krefst þess að dómstólar taki á málinu af fullri hörku og haft er eftir talsmanni lögreglunnar í Nýju-Delí að sexmenningarnir geti átt yfir höfði sér dauðadóm verði þeir sakfelldir.

Sameinuðu þjóðirnar sendu frá sér yfirlýsingu vegna málsins, þar sem haft var eftir framkvæmdastjóranum Ban Ki-moon að hann vottaði fjölskyldunni samúð sína og fordæmdi þennan grimmilega glæp. Þá hvatti hann indversk yfirvöld til að grípa til aðgerða til að hindra að svona nokkuð endurtæki sig, sjá til þess að réttlætinu yrði fullnægt og styðja betur við fórnarlömb kynferðisglæpa.

„Ofbeldi gegn konum má aldrei vera samþykkt, aldrei afsakað, aldrei umborið,“ sagði Ki-moon. „Hver stúlka og kona á rétt á að vera virt, metin að verðleikum og vernduð.“

Á sama tíma rannsakar lögregla í héraðinu Vestur-Bengal aðra hrottafengna árás, morð og ætlaða nauðgun. Þar réðust sex menn á par á leið heim úr vinnu, helltu sýru í munn mannsins og námu konuna á brott. Lík hennar fannst illa útleikið skömmu síðar. Enginn hefur verið kærður vegna málsins.

haukur@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is



**ÁRÁSIN VEKUR ÓHUG** Þúsundir Indverja þustu út á götur þegar fréttist af andláti konunnar, héldu bænastundir og mótmælagöngur. FÉTTABLAÐIÐ/AP

> **Ofbeldi gegn konum má aldrei vera samþykkt, aldrei afsakað, aldrei umborið.**
>
> *Ban Ki-moon framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna*



**NÁÐI EKKI AÐ STOPPA** Viðvaranir eru sagðar hafa borist of seint. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árekstur á Indlandi:

## Fimm fílar urðu fyrir lest

**INDLAND, AP** Fimm fílar drápust í skóglendi skammt frá borginni Bubaneshwar í austurhluta Indlands, þegar farþegalest skall á þeim síðastliðinn sunnudag.

Forsvarsmenn járnbrautarfélagsins eru sakaðir um að leiða hjá sér viðvaranir um umferð fílanna, en sjálfir segja þeir þær hafa borist of seint.

Tugir fíla hafa drepist eftir árekstra við járnbrautarlestir á Indlandi undanfarin ár, en indverski fílastofninn telur um 26.000 skepnur. -hva

Viðræður hefjast í janúar:

## Egyptar semja við AGS

**KAÍRÓ, AP** Viðræður Egypta við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) um lán upp á 620 milljarða króna munu halda áfram í janúar, að sögn forsætisráðherra landsins, Hesham Kandil. Viðræðum var hætt í byrjun desember vegna mótmæla í landinu.

Stjórnvöld segja lánið eiga að reisa við laskaðan efnahag landsins og laða að erlenda fjárfesta en forsætisráðherrann segir almenning ekkert þurfa að óttast.

Að minnsta kosti tíu manns hafa týnt lífi í mótmælunum en stjórnvöld eru sökuð um kúgunartilburði varðandi breytingar á stjórnarskrá landsins. - hva





NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

vissir þú að...
börn eiga rétt á hvíld, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Nýársdagur**
Hægur eða fremur hægur vindur.




**Miðvikudagur**
6-13 m/s

**ÁRIÐ 2012 KVEÐUR** með strekkingi eða allhvössum vindi en það nýja heilsar víða með hægviðri. Lægir vestast á landinu seint í dag en í kvöld og nótt N- og A-til. Styttir upp víðast hvar til morguns þó dálítil él fyrir norðan. Gleðilegt ár!

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Billund | 8° | Gautaborg | 6° | London | 12° | Orlando | 20° | San Francisco | 10° |
| Basel | 7° | Frankfurt | 9° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 16° | Ósló | 4° | Stokkhólmur | 3° |
| Berlín | 7° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 21° | New York | 2° | París | 10° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# > Gæfuríkt nýtt ár

Við þökkum viðskiptavinum og starfsfólki fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða og óskum landsmönnum öllum farsældar og friðar á nýju ári.

www.samskip.com

SAMSKIP

Saman náum við árangri



**1.** Hvað fengu Lárus Welding og Guðmundur Hjaltason þunga dóma í Vafningsmálinu?
**2.** Hvað kom fyrir eldri konu í strætóferð frá Akureyri til Reykjavíkur fyrir helgi?
**3.** Hvað óttaðist Margaret Thatcher í Falklandseyjastríðinu?

**SVÖRIN**

**1.** Níu mánuði í fangelsi hvor. **2.** Hún var skilin eftir í Staðarskála. **3.** Að Spánverjar hertækju Gíbraltar.

Borgarfulltrúi Samfylkingar er ósáttur við að Gamlárshlaup ÍR hafi verið fært í iðnaðarhverfi:

# Of erfitt að hlaupa í miðbæ Reykjavíkur

**ÍÞRÓTTIR** Skipuleggjendur Gamlárshlaups ÍR segja almenna ánægju með nýja hlaupaleið í iðnaðarhverfi borgarinnar, enda hafi verið erfitt að hlaupa í miðbænum. Þeir eru tilbúnir að endurskoða ákvörðun um að hætta að hlaupa í miðborginni fyrir hlaupið á næsta ári.

Hlaupið verður ræst í 37. skipti á hádegi á gamlársdag. Leið hlauparanna liggur frá Hörpu austur Sæbrautina og um iðnaðarhverfi við Sundahöfn. Þetta er annað árið sem þessi leið er farin, en áður var hlaupið frá Ráðhúsi Reykjavíkur, um Vesturbæinn og Seltjarnarnes.

Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, er ósáttur við nýju leiðina og vill að hlaupið verði um miðborgina á ný.

„Við getum ekki skipulagt þetta hlaup í stríði við lögreglu, borgaryfirvöld og Strætó,“ segir Margrét Héðinsdóttir, formaður Frjálsíþróttadeildar ÍR. Gamla leiðin hafi verið ófær vegna óánægju bílstjóra með klukkustundarlokun gatna. Fyrir tveimur árum hafi verið ekið á tvo sjálfboðaliða sem áttu að loka götum.

„Borgaryfirvöld þurfa að vera tilbúin að loka Lækjargötu svo við getum hlaupið frá Hörpu og loka Hringbrautinni um tíma. Svo þarf að greiða kostnað við að fá lögreglu til að loka,“ segir Margrét. „Ef borgin er tilbúin til að koma að þessu og greiða kostnaðinn við að hafa hlaupið á þeim stað sem þeir vilja stendur ekki á okkur.“ - bj



**LOKA** Borgaryfirvöld þurfa að vera tilbúin að loka Lækjargötu til að skipuleggjendur Gamlárshlaups ÍR vilji hlaupa um miðborgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




STEINUNN KETILSDÓTTIR
já elskan
Nýtt íslenskt dansverk sýnt í Kassanum, Þjóðleikhúsinu.
FÁEINAR SÝNINGAR EFTIR:
5. JAN., 6. JAN., 9. JAN. OG 10. JAN.
JAELSKAN.IS / LEIKHUSID.IS


## ÁRAMÓTABRENNUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU




**SKÝRINGAR**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Valhúsahæð | 20.30 |
| 2 | Ægissíða | 20.30 |
| 3 | Skerjafjörður | 20.30 |
| 4 | Á bökkunum við Tröð | 20.30 |
| 5 | Sjávargrund | 21.00 |
| 6 | Tjarnarvellir | 20.30 |
| 7 | Laugarásvegur | 20.30 |
| 8 | Suðurhlíðar | 20.30 |
| 9 | Kópavogsdalur | 20.30 |
| 10 | Gufunes | 20.30 |
| 11 | Geirsnef | 20.30 |
| 12 | Suðurfell | 20.30 |
| 13 | Boðaþing | 20.30 |
| 14 | Kléberg á Kjalarnesi | 20.30 |
| 15 | Ullarnesbrekka | 20.30 |
| 16 | Fisfélagið Úlfarsfelli | 15.00 |
| 17 | Fylkisbrenna | 20.30 |

# Meira en 40 brennur um land allt í kvöld

Sautján áramótabrennur verða haldnar á höfuðborgarsvæðinu í kvöld. Flestöll stærri bæjarfélög landsins munu hafa brennu. Slökkvilið eru ekki með sérstakan viðbúnað. Varðstjóri brýnir fyrir fólki að skilja baukinn og flugeldana eftir heima.

**SKEMMTUN** Óhætt er að segja að Ísland standi í ljósum lögum um áramótin en að minnsta kosti fjörutíu formlegar brennur verða haldnar víðs vegar um landið á gamlárskvöld. Flestar eru á höfuðborgarsvæðinu. Fréttablaðið tók saman fjölda brenna sem sýslumenn í stærstu sveitarfélögum hafa veitt leyfi fyrir. Listinn er ekki tæmandi.

Slökkvilið landsins verða ekki með sérstakan viðbúnað vegna brennanna þetta árið frekar en undanfarið. Gunnlaugur Jónsson, varðstjóri stoðdeildar slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu, segir ábyrgðarmenn elda iðulega standa vel að öllum aðbúnaði í kring um svæðin. „Það eru vaktir við þessar brennur og ábyrgðarmenn sem eru yfirleitt björgunarsveitir, og það er ekkert kveikt í þeim ef veður er slæmt,“ segir hann. „Það er eiginlega ekkert fyrir okkur að gera, það er nóg annað að gera á áramótunum en að sitja yfir þessu.“

Gunnlaugur man ekki eftir að brenna hafi farið úrskeiðis, þær gangi iðulega klakklaust fyrir sig. Hann vill þó brýna fyrir fólki að koma fram við eldinn af virðingu.

„Fólk á að haga sér almennilega við brennurnar og skilja baukinn eftir heima,“ segir hann. „Ekki vera með flugelda eða blys nálægt eldinum og halda áfengisneyslunni í lágmarki á meðan á brennunni stendur.“ sunna@frettabladid.is



**BRENNA Á GEIRSNEFI Í FYRRA** Allt útlit er fyrir að veður verði skaplegt á landinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### → Tugir brenna um allt land

*Eftirtalin bæjarfélög og sveitir eru meðal þeirra sem halda áramótabrennu í kvöld:*
**Suðurnes:** Sandgerði, Vogar, Garður, Grindavík og mögulega Keflavík.
**Akureyri:** Hörgárdalur við Þelamörk, Réttarhvammur á Akureyri, Grímsey og Hrísey.
**Fjarðabyggð:** Norðfjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.
**Ísafjarðarbær:** Ísafjörður, Hnífsdalur, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

### → Brennuhlé gerir eftir vond veður

Í spá Veðurstofunnar fyrir daginn í dag er gert ráð fyrir norðan 10 til 18 metra vindi, snjókomu eða éljum norðan til á landinu, en skýjuðu með köflum sunnanlands. Draga átti úr vindi um landið austanvert í gærkvöldi, en hvessa aftur í dag. Seint í dag á að fara að lægja vestast og stytta upp. Þá á að lægja norðan- og austantil í kvöld og éljagangur að minnka. Frost á landinu er víða sagt verða 0 til 6 stig.


Hjálparstarf kirkjunnar
LÁTUM FRIÐARLJÓSIÐ LÝSA UPP AÐVENTUNA
FRIÐARLJÓSIN verða seld við eftirtalda kirkjugarða um jól og áramót. Þau fást einnig víða í verslunum.
GUFUNESS- OG FOSSVOGSKIRKJUGARÐUR
23. des. kl. 13–17
24. des. kl. 10–17
31. des. kl. 13–17
KIRKJUGARÐURINN VIÐ SUÐURGÖTU
23. des. kl. 13–16
24. des. kl. 10–16
KIRKJUGARÐUR AKUREYRAR
24. des. kl. 10–17
31. des. kl. 13–17


Með því að kaupa FRIÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.
PIPAR\TBWA - 102975

SAFT
HVETTU BARNIÐ TIL AÐ VERA GÆTIÐ ÞEGAR ÞAÐ VEITIR PERSÓNULEGAR UPPLÝSINGAR Á NETINU
Heimili og skóli
www.saft.is

# GLEÐILEGT NÝTT ÁR
## OG TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

*Áramóta-steikin*



*Hattar og knöll fyrir partýið...*




*Snyrtivaran*




*Snakkið*




*Ostarnir*






## Afgreiðslutími **31. desember - 2. janúar**

| | | SKEIFAN EIÐISTORG GARÐABÆR | SMÁRALIND | KRINGLAN | AKUREYRI | SPÖNGIN HOLTA-GARÐAR | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MÁN | 31. DES | OPIÐ TIL 18 | 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-14 |
| **ÞRI** | **1. JAN** | **OPNAR 11** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** |
| MIÐ | 2. JAN | 24 TÍMA | 10-20 | 10-20 | 10-24 | 10-20 | 11-18:30 |

Finndu okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Víðtækasta rafmagnsleysi frá 1995

Rafmagnsleysi er alvarlegasti fylgifiskur ofsaveðursins undanfarna daga. Fólk í dreifbýli án rafmagns dögum saman. Hús voru rýmd í fimm byggðakjörnum á Vestfjörðum. Snjóflóð féllu í tugatali án tilfinnanlegs tjóns. Truflanir á farsímasambandi komu mörgum illa.

**VEÐUR** Víðtækasta rafmagnsleysi á landinu um árabil var helsti fylgifiskur ofsaveðursins sem gekk yfir landið um helgina. Björgunarsveitir Landsbjargar sinntu fjölda minni verkefna; helst í Húnavatnssýslum, á norðanverðum Vestfjörðum og á Snæfellsnesi. Hús voru rýmd í fimm byggðakjörnum á Vestfjörðum. Fjöldi snjóflóða féll en olli ekki tilfinnanlegu tjóni.

Ríkislögreglustjóri aflétti hættustigi almannavarna í umdæmi lögreglustjóranna á Selfossi, Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Akranesi síðdegis í gær, en á því svæði hafði óveðrið lítil áhrif. Frá Borgarfirði og norður og austur að Húsavík var enn starfað samkvæmt hættustigi þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi enda veður enn vont.

Víðir Reynisson, hjá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, taldi í gær að ekkert benti til annars en að truflanir á rafmagni myndu verða viðvarandi þangað til að líður á daginn í dag. Erfitt væri að komast til viðgerða vegna legu rafmagnslína og veðurs. „Það má segja að rafmagnsleysið sé víðtækt á Vestfjörðum, á Snæfellsnesi, á Fellsströndinni og víðar.“

Víðir sagði í gær erfitt að fá heildarmynd af því hvernig gengið hefði að glíma við veðrið, enda var þá afar slæmt veður á Norðurlandi með tilheyrandi ófærð. Hins vegar hefði fólk almennt tekið mark á tilmælum og farið eftir þeim. „Vestfirðingar eru vanir rafmagnsleysi en það var miður að ekki var mögulegt að gefa nákvæmar upplýsingar til fólks vegna bilana í varaaflsstöðvum. Það hefur reynst mörgum erfitt að fá ekki nákvæmar upplýsingar, en það hefur lítið verið hægt að segja vegna óvissu,“ segir Víðir.

Halldór V. Magnússon, framkvæmdastjóri rafveitusviðs Orkubús Vestfjarða, mat stöðuna svo, eftir að veðrið fór að ganga niður um hádegi í gær á Vestfjörðum, að jafn víðtækt rafmagnsleysi hefði ekki verið á svæðinu frá því árin 1995 og 1996. Stóru línur Landsnets til Mjólkárvirkjunar fóru allar í sundur í veðrinu; slit á öðrum línum valda einnig vanda en snjóflóð féll á og sleit Hrafnseyrarlínu, svo dæmi sé tekið. Því má segja að bæði sveita- og háspennulínur hafi látið undan veðrinu.



**VETRARRÍKI** Svona var staðan á Ísafirði um kvöldmatarleytið í gær en þá var veður að ganga niður á Vestfjörðum.

> **Rafmagnsleysið hjá okkur byrjaði um miðnættið á föstudag og hefur verið viðvarandi á svæðinu síðan.**
>
> *Halldór V. Magnússon*
> *framkvæmdastjóri hjá Orkubúi Vestfjarða*

„Rafmagnsleysið hjá okkur byrjaði um miðnættið á föstudag og hefur verið viðvarandi á svæðinu síðan. Ég held að allir Vestfirðingar hafi þurft að sætta sig við rafmagnsleysi í lengri eða skemmri tíma,“ sagði Halldór í gær en bilanir í vélum og spennistöðvum gerðu mönnum einnig lífið leitt. „Það hefur líka háð okkur að við getum ekki farið um vegna flóðahættu, nema með eftirliti og heimild. Almannavarnir gáfu í gær leyfi til að senda vinnuflokk yfir í Önundarfjörð, en á bæjum þar í sveit hefur verið rafmagnslaust alla helgina, eins og víðar í dreifbýli á Vestfjörðum.

„Það var síðan skelfilegt að missa varaaflsvélarnar í þessu ástandi,“ segir Halldór um tvöfaldan vanda á þéttbýlli svæðum vegna bilana sem voru á tímabili mjög til að þyngja mönnum róðurinn.

Halldór getur engu svarað um hvenær viðgerðum verður lokið; í gær var verið að sinna nauðsynlegustu viðgerðum en þeim verður ekki lokið að fullu fyrr en líða tekur á nýtt ár.

svavar@frettabladid.is

## Helgin í hnotskurn:

- ➜ Ofsaveðrið á Vestfjörðum tók að ganga niður um hádegi í gær. Veður slæmt á Norðurlandi og fór versnandi í gærkvöldi.
- ➜ Hús voru rýmd í fimm byggðakjörnum á Vestfjörðum.
- ➜ Fjöldi snjóflóða hafa fallið en ekki valdið alvarlegu tjóni.
- ➜ Á norðanverðum Vestfjörðum voru vegir meira eða minna lokaðir og ófærir. Um Norðvesturland voru flestir vegir ófærir. Einnig vegir ófærir um allt Norðurland og á Austurlandi.
- ➜ Vegna snjóflóðahættu var lokað á Vestfjörðum um Súðavíkurhlíð, Botnsdal, Breiðadal og Flateyrarveg en á Norðurlandi bæði um Siglufjarðarveg og Ólafsfjarðarmúla í gærkvöldi.
- ➜ Víða var ekkert GSM-samband vegna rafmagnsleysis á farsímasendum.
- ➜ Verkefni Landsbjargar voru allt frá brotnum rúðum í bílum til lausra hlöðuþaka. Pakplötur losnuðu á Blönduósi, Skagaströnd og Hvammstanga sem og í sveitum í kring.
- ➜ Á norðanverðum Vestfjörðum sinntu sveitir vöktun á vegum vegna snjóflóðahættu, aðstoð var veitt heilbrigðisstarfsfólki að komast í og úr vinnu, neglt fyrir brotna glugga og orkufyrirtækin aðstoðuð. Á sunnanverðum Vestfjörðum voru björgunarsveitir ekki kallaðar út.





Gleðilegt nýtt ár
Munum að nota hlífðargleraugu og
eigum örugg og ánægjuleg áramót
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG
SJÓVÁ
Sjóvá er aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-2801



**Í RÚSSLANDI** Sem hluti af nýársfögnuði býr maður í jólasveinabúningi sig undir að dýfa sér í vök á ísilagðri tjörn í Novosibrisk í Síberíu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Frestur til að taka þátt í frumkvöðlakeppni rennur út í lok janúar:

# Tveggja milljóna verðlaun í boði

**NÝSKÖPUN** Tveggja milljóna króna peningaverðlaun eru í boði í frumkvöðlakeppni Íslandsbanka, Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) og Opna háskólans.

Íslandsbanki greiðir niður helminginn af námskeiðsgjaldi í námskeiði í gerð viðskiptaáætlana og í framhaldi af því verður haldin samkeppni um bestu viðskiptaáætlunina í Opna háskólanum í Reykjavík.

Námskeiðin hefjast 29. janúar og lýkur um mánuði síðar, að því er fram kemur í tilkynningu Íslandsbanka. „Eftir að námskeiðinu lýkur fá þátttakendur um tvær vikur til að fullklára viðskiptaáætlanir sínar sem síðan verða metnar af matsnefnd. Fimm bestu áætlanirnar komast áfram í vinnustofu þar sem boðið upp á leiðsögn sérfræðinga. Að lokum verður besta áætlunin valin og hlýtur hún tvær milljónir króna í styrk frá Íslandsbanka,“ segir í tilkynningu bankans.

Keppnin er nú haldin í annað sinn, en síðast bar Volki, lista- og hönnunarstúdíóið, sigur úr býtum. „Þá sóttu 34 konur námskeiðið og skiluðu 19 viðskiptaáætlunum.“ - óká



**UNNU SÍÐAST** Ungu konurnar sem standa að lista- og hönnunarstúdíóinu Volki unnu síðustu frumkvöðlakeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fasteignamarkaðurinn:

# Fleiri íbúðir seldar en í fyrra

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Alls var 99 kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu 14. til 20. desember. Á vef Þjóðskrár segir að 80 samningar hafi verið um eignir í fjölbýli, 10 um sérbýli og 9 um aðrar eignir en íbúðarhúsnæði. Heildarvelta var rúmir 3 milljarðar og meðalupphæð á samning 31,2 milljónir.

Þetta er nokkru meira en á sama tíma í fyrra þegar samningarnir voru 83 talsins og heildarvelta tæpir 2,4 milljarðar. - þj



**SJÓSÓKN** Ólíðandi er að sjómenn hafi verið samningslausir í tvö ár að mati sjómannadeildar Framsýnar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Sjómenn samningslausir:

# Framkoma LÍÚ ekki til sóma

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjómannadeild Framsýnar skorar á Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) að láta af boðuðum hugmyndum um lækkun á kjörum sjómanna. Sjómenn hafa verið samningslausir og telja fundarmenn á aðalfundi sjómannadeildarinnar framkomu LÍÚ í sinn garð ekki til sóma.

Í ályktun hvöttu fundarmenn LÍÚ til að ganga þegar til viðræðna um gerð kjarasamnings við sjómenn. Það væri óásættanlegt og ólíðandi að stéttin hefði verið samningslaus í tvö ár. Þá mótmæltu fundarmenn hótunum LÍÚ um verkbann á sjómenn til að knýja þá til að taka þátt í að greiða aukna skatta á greinina. - bj

Íbúar fá ekki undirtektir:

# Löður heldur starfsleyfinu

**ÚRSKURÐIR Löður heldur starfsleyfi fyrir sjálfvirka þvottastöð á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Íbúðalánasjóður og íbúar í nágrenninu vildu láta ógilda leyfið.**

**Kvartað hafði verið undan hljóð- og loftmengun frá stöðinni sem reist var 2004. Íbúðarhúsin voru byggð 2006 og 2007. Fram kemur að Löður hafi brugðist við með því að slökkva á ryksugu á nóttunni og boðist til að taka þátt í kostnaði við nýja girðingu.** - gar

# Byssueign landans skilar Íslandi 15. sæti heimslistans

Almenningur í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi á fleiri byssur en hér gerist. Danir eiga miklu færri. Næstum níu af hverjum tíu Bandaríkjamönnum eiga skotvopn. Hér eru til byssur handa tæpum þriðjungi landsmanna samkvæmt samantekt Gunpolicy.org. Teknar eru saman upplýsingar frá 179 löndum og byssueign áætluð.

**TÖLFRÆÐI** Ísland er í 15. til 16. sæti á lista yfir þau lönd þar sem skotvopnaeign er hvað mest meðal almennings. Efstu sætin verma Bandaríkin, þar sem vopnaeign er langalgengust, Jemen, Sviss og svo Finnland.

Á vefnum Gunpolicy.org, sem hýstur er við Háskólann í Sydney í Ástralíu, er að finna samantekt um byssueign í 179 löndum, hvort heldur sem er hjá opinberum aðilum eða almenningi. Þá er gerð tilraun til þess að áætla fjölda ólöglegra skotvopna á hverjum stað. Hvorki Grænland né Færeyjar eru með í samantektinni.

Á Norðurlöndum virðist skotvopnaeign hins vegar hvað algengust í Finnlandi, þar sem 45,7 prósent landsmanna eiga byssu samkvæmt áætlun síðunnar. Finnar verma þriðja til fjórða sæti á heimslistanum hvað þetta varðar. Svíar eru í tíunda sæti þar sem 31,6 prósent er sagt eiga byssu og Norðmenn í 11. sæti með 31,3 prósent.

Danir eru svo aftur mun neðar á lista, eða í 54. sæti. Þar er áætlað að 12 af hverjum 100 eigi byssu.

Elvar Árni Lund, formaður Skotveiðifélags Íslands, segist gera ráð fyrir að í tölum um byssueign hér á landi fari langmest fyrir haglabyssum og veiðirifflum. Mögulega séu svo líka á sveimi einhver vopn frá þeim tíma að lítið eftirlit var með innflutningi skotvopna og svo séu einstaka menn sem safni byssum. „En okkar félag er náttúrulega um skotveiðar, þannig að við höfum svo sem ekki mikið kynnt okkur málefni byssusöfnunar og byssueigenda, þótt það tengist okkar áhugamáli,“ segir Elvar Árni. „Hér eru hálfsjálfvirkir rifflar bannaðir og skammbyssueign er sem betur fer mjög lítil á Íslandi og þá fyrst og fremst tengd markskotfimi. Yfirgnæfandi vopnaeign hér er því, að því er ég tel, til veiði og íþróttaiðkunar.“

Elvar Árni segir því ekki þurfa að koma á óvart hversu ofarlega Ísland sé á lista eftir því hversu byssueign sé almenn. „Að við séum þarna í takti við aðrar þjóðir á norðurhjaranum sýnir í rauninni hvað þetta er samofið okkar menningu, að stunda veiðar á dýrum merkurinnar.“

olikr@frettabladid.is

## 25 efstu sætin í samanburði á vopnaeign




Heimild: Gunpolicy.org. Áætlaður fjöldi skotvopna (skráðra og ólöglegra) á hverja 100 íbúa.




Fasteignamarkaðurinn hefur vaxið talsvert frá árinu 2011:

# Fimmtungsaukning milli ára

**FASTEIGNIR** Um 7.600 kaupsamningum um fasteignir hefur verið þinglýst á öllu landinu á árinu sem er að líða. Það segir í frétt á vef Þjóðskrár Íslands.

Heildarviðskipti með fasteignir námu rúmlega 205 milljörðum króna og var meðalupphæð á hvern samning um 27 milljónir króna. Til samanburðar var veltan árið 2011 tæplega 172 milljarðar, kaupsamningar 6.600 og meðalupphæð hvers samnings um 26 milljónir króna.

Þannig hefur heildarvelta fasteignaviðskipta því aukist um rúmlega nítján prósent milli ára og kaupsamningum fjölgað um rúmlega fimmtán prósent.

Á höfuðborgarsvæðinu einu stefnir heildarupphæð þinglýstra kaupsamninga í að verða um 162 milljarðar króna, kaupsamningar um 5.300 og meðalupphæð kaupsamnings um 30,6 milljónir króna.

Þetta er talsverð aukning milli ára, en árið 2011 var heildarupphæð þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu rúmlega 135,7 milljarðar króna, fjöldi kaupsamninga var rúmlega 4.600 og meðalupphæð samninga árið 2011 var um 29,5 milljónir króna.

Heildarvelta á höfuðborgarsvæðinu hefur því aukist um tæpan fimmtung og kaupsamningum hefur fjölgað um rúmlega fimmtán prósent. - þj



**ÍBÚÐAKAUP** Fasteignamarkaðurinn í ár var líflegri en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Gleðilegt nýtt ár
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000



**SKAUTAÐ Á ANNAN Í JÓLUM** Greinarhöfundur bendir á að í Póllandi hafi við endurreisn efnahagslífsins þurft að taka mjög afdrifaríkar og óvinsælar ákvarðanir í efnahagsmálum, svo óvinsælar að ráðherrann sem þær tók sé enn hataður af sumum í landinu. Hér þurfi líkast til „drastískari aðgerðir en þær að setja fleiri plástra á höftin og vonast til að gengið leiti með undraverðum hætti aftur upp“. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Haftlandinu góða

**Pawel Bartoszek** lítur um öxl og rifjar upp drastískar aðgerðir fyrsta fjármálaráðherra Póllands eftir hrun kommúnismans. Hann lýsir eftir vel menntaðri og hugaðri manneskju í fjármálaráðuneytið sem væri sama þótt hún væri hötuð af þorra landsmanna næsta áratug.

Leiðtogar Evrópusambandsríkja hittust í janúar 2012 og samþykktu nýjan fjármálasáttmála til bjargar evrunni. Af 27 ríkjum ESB tóku 25 þátt í samkomulaginu, öll nema Bretland og Tékkland. Sáttmálinn setur ýmsar skorður á opinber fjármál aðildarríkjanna, meðal annars með reglum um hámarkshalla og hámarksskuldsetningu og fyrirmælum um sjálfvirk viðbrögð við því að þessi viðmið séu brotin. Þá skuldbinda ríkin sem standa að sáttmálanum sig til að lögfesta reglurnar og viðurkenna lögsögu Evrópudómstólsins í málum sem hann varða. Dómstóllinn mun þannig geta sektað ríki sem skulda of mikið og eyða of miklu.

Skilyrði um skuldir og halla ESB-ríkja eru ekki ný af nálinni. Þau var líka að finna í Maastricht-sáttmálanum. Þau reyndust hins vegar ekki margra evrusenta virði en bæði Frakkland og Þýskaland brutu þau strax árið 2002 og viku sér undan sektum, með þeim rökum að „aðstæður væru svo sérstakar“ og þau væru „alveg að fara að bæta sig“.

Það hefði vafalaust aukið trúverðugleika evrunnar ef þessi kjarnaríki ESB hefðu einmitt þurft að greiða sektir eins og hver annar. Það gerðist því miður ekki og hjálpaði kannski til við að skapa vandann. Í fjármálasáttmálanum sem tekur gildi nú um áramót er reynt að festa skilyrðin (aftur) í sessi og meira bit er sett í sektarákvæðin.

Tvennt er vert að nefna. Það fyrra er jákvætt fyrir Evrópusinna: Evran enn til. Dauða hennar hefur oft verið spáð undanfarið ár. Paul Krugman spáði í maí síðastliðnum að Grikkland færi úr samstarfinu innan mánaðar og að evran sjálf ætti nokkra mánuði eftir. Þær spár hafa allavega ekki ræst enn og fjármálasáttmálinn er vísbending um að talsverður pólitískur vilji sé til að halda evrunni gangandi.



**JÓLAVERSLUN Í FULLUM GANGI** Í grein Pawels Bartoszek fjallar hann meðal annars um fram komnar hugmyndir um breytingar á lögum um ársreikninga. Hann segir torséð hvernig breytingarnar eigi að vinna gegn kennitöluflakki. Líklegra sé að þær letji fjárfesta til þátttöku í verkefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það síðara kallar á hreinskilnari umræðu um hvað Evrópusambandið sé að verða: Vart er hægt að neita þeim lengur sem halda því fram að Evrópusambandið sé að breytast í sambandsríki. Bretar voru á móti fjármálasáttmálanum. Fjármálasáttmálinn færir aukin völd til stofnana Evrópusambandsins. Í raun hefði átt að breyta Lissabonsáttmálanum til að sú breyting gæti tekið gildi og ættu Bretar að hafa neitunarvald um slíkar breytingar. En þegar á hólminn var komið höfðu þeir einungis neitunarvald um eigin þátttöku.

Það er þegar ljóst að sameiginlegt fjármálaeftirlit Evrópusambandsins er á döfinni. Sama gildir um innistæðutryggingakerfi. Ég tek reyndar fram að ég er ekki á móti því að taka þátt í Evrópusambandi sem hefur þessi mál á sinni könnu, þó í því felist frekara valdaframsal. Það er betra en að dúsa næstu áratugi í haftlandinu góða.

### Með takmarkaðri ábyrgð

Enginn er eyland. Ekki einu sinni eylönd eru það. En eylönd eru stundum sjálfhverf. Nú er uppi einhver umræða um „kennitöluflakk“. Hér eru nokkrar spurningar sem spyrja mætti á eylandinu: Er kennitöluflakk eitthvað séríslenskt fyrirbæri? Ef já, af hverju? Ef nei, líta aðrar þjóðir á kennitöluflakk sem vandamál? Ef þær gera það, hafa þær einhverjar aðferðir til að sporna við því? Hvernig hafa þær aðferðir reynst?

Í staðinn er okkur boðið upp á dæmisögur af mönnum sem stofnað hafa mörg félög, forðast að borga opinber gjöld og vilja meina að það sé allt löglegt því lögmaður þeirra segir það. Þetta er gert á tíma þegar ríkisstjórnin er að leggja fram frumvarp um að breyta lögum um ársreikninga þannig að hægt verði að gera hluthafa persónulega ábyrga fyrir skuldum félagsins ef félagið klúðrar ársreikningum.

Segjum að einhver ættingi biðji okkur um að leggja 250 þúsund krónur í einhvern rekstur. Ættinginn er í meðallagi traustur, en okkur finnst hann eiga skilið séns eins og aðrir. Við segjum því: „Jæja þá, ég missi í versta falli þessa peninga.“ Ákvörðunin yrði eflaust önnur ef við ættum á hættu á að missa húsið ef ættinginn skilar ekki ársreikningi á réttum tíma.

Í flestum löndum innihalda skammstafanir fyrir hlutafélög orð eins og „limited“ til að tákna að ábyrgð félagsins er takmörkuð við það fé sem hluthafar leggja til. Það er talið mikilvægt til að menn yfirhöfuð nenni að fjárfesta. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar brjóta það prinsipp, og erfitt er að sjá hvernig þær hjálpa til við að minnka hið svokallaða „kennitöluflakk“.

Þær hugmyndir eru þó ekki jafnvondar og lagafrumvarp sem Lilja Mósesdóttir og fleiri þingmenn lögðu fram snemma á kjörtímabilinu. Þar átti að setja í lög að: „Heimilt [væri] að synja félagi skráningar eða afskrá það með hliðsjón af viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda ef þeir

hafa ítrekað verið þátttakendur í rekstri sem farið hefur í þrot.“

Segjum að menn reki hamborgarasjoppu, verði gjaldþrota, reyni aftur og verði aftur gjaldþrota. Á ekki að leyfa þeim að reyna á ný? Af hverju? Þeir eru reynslunni ríkari. Á að banna mönnum sem hrasað hafa of oft að standa upp?

Nú vilja allir styðja vel við bakið á „nýsköpun“. Nýsköpun er áhætturekstur þar sem líkur á gjaldþroti eru miklar. Vilji menn „efla umhverfi nýsköpunarfyrirtækja“ þá verður það ekki gert með því að gera þeim sem fara á hausinn lífið leitt. Einungis einstaka nýsköpunarfyrirtækjum tekst að lifa af. Árangur Decode, sem selt var í árslok, er þannig stórmerkilegur. Í DV var sölu Decode lýst með þeim hætti að stofnandi fyrirtækisins hefði „sloppið með stórfé“. Ráðlegging til þeirra sem vilja stunda viðskipti á haftlandinu góða: Ekki ganga illa. Og ekki ganga vel.

**Ný stjórnarskrá**

En auðvitað stendur til að breyta fleiru en lögum um lagaumhverfi hlutafélaga. Heil stjórnarskrá er undir. Þær áhyggjur sem undirritaður hefur haft af stefnu þess máls verða ekki margtuggnar hér en þó er það ánægjulegt að þingið hafi ákveðið að senda málið til Feneyjanefndar Evrópuráðsins. Það er reyndar ástæða til að hafa áhyggjur af því hvort meirihluti þings hafi vilja og burði til að hlusta á þær athugasemdir sem frá Feneyjanefndinni, eða öðrum, kunna að koma. Í það minnsta er ljóst að stór hluti fyrrum fulltrúa stjórnlagaráðs hefur á því takmarkaðan áhuga.

Sú fjögurra manna nefnd sem fór yfir tillögur stjórnlagaráðs og samdi upp úr þeim frumvarp túlkaði verksvið sitt þröngt og þær breytingar sem hún gerði frá hugmyndum stjórnlagaráðs voru langflestar til bóta.

Engu að síður brugðust margir fyrrum ráðsfulltrúar illa við. Sumir töldu að nefndin hefði gert „efnislegar breytingar“ og létu í veðri vaka að hún hefði ekki það umboð. Það er della. Nefndin átti m.a. að gæta að innra samræmi tillagnanna og sjá til þess að þær stæðust alþjóðlega mannréttindasáttmála. Hún mátti auðvitað gera „efnisbreytingar“ ef þess þurfti.

En meiri della er sú fullyrðing sumra stjórnlagaráðsliða að gagnrýni sem nú kemur fram á frumvarpið, hvort sem er úr háskólunum eða annars staðar frá, komi fram of seint. Auðvitað er það ekki svo, tillögurnar eru enn í mótun, og jafnvel þótt lokatillögurnar væru komnar fram þá væri ekki of seint að gagnrýna þær með það fyrir augum að fá þær felldar. Loks, jafnvel þótt þær yrðu samþykktar væri það auðvitað ekkert of seint til að gagnrýna neitt. Drög að bandarísku stjórnarskránni voru á sínum tíma helst gagnrýnd fyrir skort á mannréttindakafla. Honum var bætt við skömmu eftir að stjórnarskráin tók gildi. Einmitt vegna gagnrýni sem komið hafði fram „of seint“.

**Egg, steinar og eldur**

Sumt af því sem lesa má um stjórnarskrármálið felur í sér kröfur um að leikreglum lýðræðis og þingræðis verði kastað fyrir róða. Ég hef til dæmis lesið að ef nýkjörið þing samþykki ekki nýja stjórnarskrá þá myndi „fólkið aftur fara á göturnar“. Höfum eitt á hreinu. Ef þingmeirihluti er ekki fyrir stjórnarskrárbreytingum á tveimur þingum með kosningum á milli, þá eiga þær ekki að ganga í gegn.

Þeir sem bjóða sig fram til þings ættu að vera sammála um að þar, í þinghúsinu, eigi að vera sá staður sem ákvarðanir eru teknar en ekki á stéttinni fyrir framan það. Sumir frambjóðendur Dögunar eru tilbúnir að teygja sig ansi langt til að verja það að rúður hafi verið brotnar í þinghúsinu og kveikt í jólatrjám. Á sama hátt verður að hrósa Jóni Gnarr fyrir að hafa sagt það hreint út að „Reykvíkingar hafi orðið sér til háborinnar skammar“ þegar kveikt var í jólatrénu á Austurvelli í janúar 2009. Auðvitað er það satt. Sama þótt það særi ofbeldismenn.

➜ Höfum eitt á hreinu. Ef þingmeirihluti er ekki fyrir stjórnarskrárbreytingum á tveimur þingum með kosningum á milli, þá eiga þær ekki að ganga í gegn.

**Hrun og hrun**

Sumt breyttist ekkert á árinu. Gjaldeyrishöftin halda sem aldrei fyrr.

Nú virðist vera komin þverpólitísk samstaða um að höftin eigi í raun að vera ótímabundin. Sú niðurstaða er auðvitað fátt annað en lýsing á ríkjandi ástandi. Planið um afnám þeirra var ekki að ganga neitt.

Ég ætla að leyfa mér að líta um öxl. 1989, árið sem kommúnisminn hrundi í Póllandi, var 600% verðbólga í landinu og efnahagurinn í molum.

Fyrsti fjármálaráðherrann úr röðum Samstöðunnar, hagfræðingurinn Leszek Balcerowicz, lagði ofurskatta á launahækkanir, heimilaði gjaldþrot ríkisfyrirtækja, afnam gjaldeyrishöft og einkaleyfi ríkisins á innflutningi. Hann gerði líka margt annað, flest drastískt og flest á ógnarhraða. Þáttur Balcerowicz í endurreisn Póllands er mikill en vitanlega er enn í dag fullt af fólki sem hatar hann.

Líklegast þarf drastískari aðgerðir en þær að setja fleiri plástra á höftin og vonast til að gengið leiti með undraverðum hætti aftur upp.

Ég hef ekki hugmynd að lausn. En ef ég mætti óska mér einhvers þá væri það að fá í fjármálaráðuneytið einhverja vel menntaða og hugaða manneskju sem hefði slíka hugmynd og fengi stuðning til að framkvæma hana. Best ef henni væri sama þótt hún yrði hötuð af þorra landsmanna næsta áratug.

**INNLENDIR VENDIPUNKTAR** 2012

**Pawel Bartoszek er stærðfræðingur og pistlahöfundur í Fréttablaðinu.**

*Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem áttu sér stað á árinu og gætu haft áhrif til framtíðar á Íslandi.*




Orkuveita Reykjavíkur

# Við erum til taks

Við treystum sjaldan meira á orkuna en um jól og áramót. Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur er í viðbragðsstöðu til að tryggja þér birtu og yl um hátíðirnar. Gleðilega hátíð!




• Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur óskar þér gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

www.or.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 62448 12/12



# ICELANDAIR ÞAKKAR GOTT ÁR OG HEILSAR NÝJU ÁRI MEÐ NÝJUM TÆKIFÆRUM

**Fram undan er gott ár fyrir flugfarþega**

Við hjá Icelandair kveðjum árið 2012 með þakklæti í huga til þeirra tveggja milljóna farþega sem flugu með okkur og sýndu þannig í verki að þeir kunna að meta þægindi um borð, góða þjónustu, stundvísi og áreiðanleika. Á árinu, sem nú fer í hönd, munum við leggja okkur fram við að gera enn betur til hagsbóta fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn og þjóðina alla.



Gleðilegt nýtt ár. Þökkum fyrir árið sem er að líða.

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 562316 12/12

Samstöðustjórnmál eru Íslendingum framandi:

# Sundrungarpólitíkin

Í upphafi ársins sem brátt er á enda buðu dönsk stjórnvöld blaðamönnum frá um 30 Evrópuríkjum til Kaupmannahafnar, í tilefni af því að Danir tóku þá við forsætinu í ráðherraráði Evrópusambandsins. Hópurinn hitti flesta ráðherra dönsku ríkisstjórnarinnar, fulltrúa allra flokka á þingi, seðlabankastjóra, hagfræðinga, fulltrúa atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar.

Það vakti athygli – ekki sízt íslenzka blaðamannsins – að í þessum hópi ríkti býsna breið samstaða bæði um greiningu á þeim vanda sem við var að etja og um leiðir Dana út úr vandanum. Með undantekningum yzt á hægri og vinstri væng stjórnmálanna voru forystumenn í dönsku stjórnmála- og atvinnulífi sammála um stóru atriðin í utanríkisstefnunni, til dæmis afstöðu til Evrópusamstarfsins, og um efnahagsstefnuna, þar á meðal hvaða ramma og starfsskilyrði ætti að búa dönskum fyrirtækjum.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Aðspurðir út í þessa samstöðupólitík svöruðu danskir viðmælendur því gjarnan til að Danir væru bara alltof fámenn þjóð til að þar gæti hver höndin verið upp á móti annarri í stærstu og mikilvægustu málunum. Það yrði að leita að sáttagrundvelli til að þoka landinu áfram og út úr núverandi efnahagsþrengingum. Það fannst blaðamanninum frá Íslandi óneitanlega mjög umhugsunarvert viðhorf.

Íslenzkir stjórnmálamenn hafa stundum svipaðar heitstrengingar á vörum. Við þekkjum til dæmis fyrirheitin um að breyta vinnubrögðum á Alþingi, reyna að vinna skipulegar og nota vandaðri vinnubrögð, detta ekki sjálfkrafa ofan í pólitískar skotgrafir og svo framvegis. Þegar horft er yfir árið sem endar í kvöld, bendir afskaplega fátt til að íslenzkir stjórnmálamenn hafi náð nokkrum árangri á þeim vígstöðvum.

Ríkisstjórnin hefur ekki leitað eftir og þar af leiðandi heldur ekki náð neinni breiðri samstöðu um stór og afdrifarík mál á borð við breytingar á stjórnarskránni, starfsumhverfi sjávarútvegsins eða hvar eigi að virkja og hvaða svæði eigi að vernda fyrir virkjunum.

Um önnur stór mál eins og stöðu Íslands í samfélagi þjóða, peningastefnuna, gjaldmiðilinn og hvernig eigi að losna við gjaldeyrishöftin ríkir engin samstaða. Alls ekki um greininguna á stöðunni og því síður um leiðirnar út úr henni. Þessi staða mála gerir Ísland ekki að betri stað til að fjárfesta eða reka fyrirtæki.

Í aðdraganda þingkosninganna, sem verða haldnar í vor, bendir fátt til að stjórnmálaflokkarnir reyni að jafna ágreining sinn og byggja brýr til að geta auðveldað stjórnarmyndun að loknum kosningum, eins og við sjáum stundum að stjórnmálaflokkar í hinum norrænu ríkjunum gera. Þvert á móti virðist líklegra að margir flokkanna leiti meira út á jaðra hins pólitíska litrófs til að marka sér sérstöðu. Sundrungarpólitíkin verður allsráðandi seinnipart þessa kosningavetrar.

Tilefnin til að vera bjartsýn á að þetta breytist eitthvað eru fá. Samt er hægt að vona að einhverjir íslenzkir stjórnmálamenn noti tækifærið um áramótin og strengi þess heit að læra eitthvað af smáþjóðunum í kringum okkur um hvernig má leita að samstöðu og samvinnu á erfiðum tímum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

### Fyrir árslok

Dagurinn í dag er sá síðasti á árinu. Þeir sem hyggjast ljúka tímabundnum verkefnum áður en nýtt ár gengur í garð þurfa því að hafa snarar hendur. Á meðal þeirra sem settu sér það markmið að klára eitthvað fyrir áramót voru liðsmenn tveggja rannsóknarnefnda sem eru að greina í hörgul hvað fór úrskeiðis í Íbúðalánasjóði annars vegar og sparisjóðakerfinu hins vegar. Formenn beggja nefnda sögðu við Fréttablaðið í september að stefnan væri sett á að ljúka skýrslum sínum fyrir árslok.



### Ár eftir þetta ár

Árslok eru á eftir og nema nefndarmenn sitji sveittir þessa stundina og prenti sjálfir út hvern doðrantinn á eftir öðrum er ljóst að skýrslunum verður ekki skilað á þessu ári. Nefndin um Íbúðalánasjóð er reyndar búin að gefa það út að hún ætli að reyna að skila um miðjan febrúar, eftir að hafa kríað enn einn frestinn út úr Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur.



Sjáum til hvernig það gengur. Og vonandi fylgir sparisjóðaskýrslan einhvern tíma í kjölfarið.

### Sextán mánuðir

Auðvitað skal ekki lítið gert úr umfangi þessara verkefna og vafalítið hafa þau undið mjög upp á sig eins og nefndarmennirnir hafa lýst. Það er hins vegar athyglisvert staðreynd að vinna þessara tveggja nefnda átti upphaflega að taka sex mánuði. Það stóð í þingsályktunum. Hún hefur nú tekið sextán mánuði, sem vill svo til að er sami tími og tók Pál Hreinsson og félaga að vinna skýrslu sína um fall íslenska bankakerfisins.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Aðeins þeir sem borga?

SKOÐUN



**Margrét S. Björnsdóttir**
félagi í Samfylkingunni

Eitt af fimm samfylkingarfélögum í Reykjavík (Samfylkingarfélagið í Reykjavík, SffR), setur greiðslu 4.000 króna sem skilyrði félagsaðildar og þátttöku í kosningum til trúnaðarstarfa. Meginrök fráfarandi og núverandi formanna félagsins virðast þau að fólk meini ekkert með félagsaðild, séu ekki „raunverulegir félagar“, nema það borgi félagsgjöld og að það skuli kosta peninga að hafa áhrif í stjórnmálaflokki. „Réttindum fylgi skyldur“. Ákvörðun stjórnar SffR leiðir líklega til að um 3.000 Samfylkingarfélögum verður vísað úr félaginu í janúar. Þeir fá ekki að taka þátt í flokkskosningum og öðru slíku nema borga 4.000 krónur. Þetta er einsdæmi – ekki bara í Samfylkingunni heldur í íslenskum stjórnmálaflokkum almennt. Flestir þeirra leggja á félagsgjöld, sumir hófleg þátttökugjöld í prófkjörum, en enginn vísar þeim á dyr sem ekki geta borgað. Það stendur misvel á hjá fólki, það ætti félag jafnaðarmanna að skilja, margs konar ástæður og ekki nauðsynlega tortryggilegar eins og gefið er í skyn. Önnur samfylkingarfélög í Reykjavík m.a. Félag frjálslyndra jafnaðarmanna, www.ffj.is, Rósin og ungliðafélagið Hallveig, kjósa að treysta þeim sem þar skrá sig til að vera „raunverulegir félagar“, sem borga eftir getu, og leggja því á valkvæð framlög. Félögin eru opin öllum og

**➜ Önnur samfylkingarfélög í Reykjavík […] eru opin öllum …**

einfalt að skrá sig á www.xs.is. Þeir sem SffR vísar úr félaginu í janúar eiga því aðra kosti vilji þeir taka þátt í flokksstarfi og formannskjöri Samfylkingarinnar.

Aðild að stjórnmálaflokkum er í flestum löndum á undanhaldi. Stjórnmálaáhugi fer ekki minnkandi, en fólk vill taka þátt með nýjum hætti. Styðja einstök mál, einstaka frambjóðendur, jafnvel þjóðmálahreyfingar sem starfa án þess að bjóða fram. Taka þátt tímabundið, en ekki með langtíma flokksaðild. Jafnaðarmannaflokkar víða í Evrópu hafa brugðist við þessu með nýjum þátttökuformum. Í spænska jafnaðarmannaflokknum geta menn verið svonefndir skráðir stuðningsmenn, í þeim gríska vinir flokksins. Í báðum flokkum fá þeir að taka þátt í flokksstarfi og velja frambjóðendur. Þegar franskir sósíalistar völdu forsetaframbjóðandann Hollande og þeir bresku formanninn Miliband máttu allir sem höfðu kosningarétt kjósa gegn örlitlu framlagi.

Þessir flokkar treysta fólki til þátttöku og áhrifa án hefðbundinnar flokksaðildar og greiðslu félagsgjalda. Samfylkingin á með sama hætti að virða og treysta þeim sem hafa skráð sig þar til þátttöku.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gíslar á Uppsölum

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Var ekki Gísli á Uppsölum maður ársins? Ekki nóg með að annar hver karlmaður í miðbæ Reykjavíkur líti út eins og hann um þessar mundir heldur varð bók Ingibjargar Reynisdóttur um hann mest selda bók ársins, sem svo sannarlega er skemmtilegur vitnisburður um það hvernig ævintýrin gerast stundum í jólabóksölunni og ástæða til að óska henni og forlagi hennar til hamingju með þennan árangur.

### Skrýtna fólkið úti á landi

Í sjálfu sér er ekki að undra að saga Gísla heilli fólk. Þar kemur margt saman. Í fyrsta lagi hafa Íslendingar alltaf viljað lesa „þætti af einkennilegum mönnum“ eins og þá sem Ólafur Kárason skrifaði. Kannski hefur þessi áhugi gleymst í allri forfrömuninni. Skáldsagnahöfundar nútímans leita gjarnan hins dæmigerða í fari fólks og reyna að lýsa því þannig að við þekkjum okkur í töktum, málfari, þankagangi og öðru, og lifum okkur þannig inn í söguna, jafnvel þannig að viðkomandi sögupersónur séu örlítið betur settar en við, búi á örlítið fínni stað við svolítið betri efni, en eigi samt sem áður við sín vandamál að stríða.

Skáldsagnalestur er iðulega ekki bara leit að einhverju til að gleyma sér í heldur djúptæk leit að sjálfum sér í örlögum annars fólks.

Bókin um Gísla á Uppsölum er að vísu ekki skáldsaga en mig grunar að hópkaupin á henni vitni um þessa leit; að lesendum mörgum nægi ekki að leita sín í fólki sem á við vandamál að stríða í öfundsverðum hverfum heldur skimi þeir víðar í kringum sig eftir svari við spurningunni sem sérhver lesandi spyr (þótt hann geri það ekki upphátt eða meðvitað): Hver er ég?

Þátttur Ómars Ragnarssonar um Gísla á Uppsölum sýndi ákveðna mynd af þessum afdalamanni, sem síðar átti eftir að verða nærri því ríkjandi í þáttum sjónvarpsins og þar með sjálfsmynd landsmanna: Gísli varð í stuttu máli að táknmynd um „skrýtna fólkið úti á landi“ (um leið og fólk þakkaði guði fyrir að vera komið svo langt frá honum á þróunarbrautinni). Ómar gerði sinn þátt af mikilli hlýju og innileika, en það hvernig hann varpaði skyndilega ljósinu á þennan fjarlæga einbúa, það hvernig hann talaði yfir myndina við okkur sem horfðum um Gísla, það hvernig tal Gísla var textað – allt vann þetta að því að gera Gísla annarlegan; hann var „aðrir“, ekki „við“; þetta „aðraði hann“. Þessi annarleiki einbúans varð síðan ríkjandi mynd okkar þéttbýlisbúanna af lífsháttum þeirra sem kusu að lifa af landsins gæðum. Tákn fortíðar, horfinna lífshátta. Hann var í huga fólks nokkurs konar gísl rangra ákvarðana.

En nú, öllum þessum árum síðar, eftir hrunið – því við megum ekki gleyma því: „hér varð hrun“ – þá er eins og fólk hugsi: „Skrýtna fólkið úti á landi – það erum við.“

> Gísli á Uppsölum er ekki lengur annarlegur, ekki lengur „aðrir“ heldur er hann tákn okkar, tákn kjarnans í þjóðarsálinni: Og það er spurt: Af hverju varð hann svona? Hvað gerðist? Jú, segir sagan: hann var ofsóttur. Hann varð fyrir einelti. Þar með er hann orðinn að persónu sem Íslendingum er af ýmsum ástæðum sérlega hugleikin þessi árin: fórnarlambið; hann er hinn ofsótti.

Og skyndilega vaknar brennandi áhugi á þessu gamla erkitákni þess. Gísli á Uppsölum er ekki lengur annarlegur, ekki lengur „aðrir“ heldur er hann tákn okkar, tákn kjarnans í þjóðarsálinni: Og það er spurt: Af hverju varð hann svona? Hvað gerðist?

Jú, segir sagan: hann var ofsóttur. Hann varð fyrir einelti. Þar með er hann orðinn að persónu sem Íslendingum er af ýmsum ástæðum sérlega hugleikin þessi árin: fórnarlambið; hann er hinn ofsótti. Hvað getum við þá lært af dæmi hans? Hann sinnti um skepnur og talaði við almættið á hverjum degi, orti ljóð og skrifaði hugrenningar, ræktaði sinn innri mann – bjó með sjálfum sér, undi sér við eigin félagsskap; hvíldi í sjálfum sér.

### Nú árið er liðið

Er árið nú liðið? Flestir líta svo á að nú sé árið 2012 senn á enda og fara yfir hitt og þetta sem hæst og lægst ber á árinu. En það er líka hægt að horfa á líf okkar í stærri tímabilum. Sjálfum finnst mér að árinu 2008 sé kannski loksins að ljúka eftir að gjálífisárið mikla, sem var svo mikið 2007, stóð frá því fyrir aldamótin og fram yfir hrun – hjá sumum ríkir það enn. Síðasta ár var – rétt eins og árin á undan – ár endurmats, lopapeysu, íhugunar, hugræktar; ár átaka um auðlindir sem krauma undir öllu; ár fórnarlamba og meðlíðanar með þeim og innlifunar í hlutskipti þeirra, ár einangrunarhyggju, leitar að þjóðlegum verðmætum og dyggðum. Árið sem það varð að næstum áþreifanlegri löngun að gæla við þá tilhugsun að varpa frá sér öllum sínum eigum og reisa sér lítinn bæ í fjarlægum afdal og hokra þar við nokkrar rollur og nokkrar kýr, virkja bæjarlækinn, rækta kál, vera með nokkrar kanínur, yrkja ljóð á kvöldin og tala við almættið, hvíla í sjálfum sér, lifa af landsins gæðum; loka sig af frá heiminum.

Því að í íslenskri hugsun takast í sífellu á þessar andstæðu hugsjónir: að loka að sér eða að opna upp á gátt. EES-samningurinn var tilraun til að opna Ísland og hann gaf þjóðinni markaði og leikrými og lygi um sjálfa sig sem víkinga og viðskiptasénír: sú opnun mistókst herfilega. Eigum við þá að loka að okkur? Og gerast gíslar á Uppsölum? Eða eigum við að reyna aftur að opna – og reyna þá að vanda okkur svolítið í þetta skipti?

Gleðilegt ár!

## AF NETINU

### Lítið tjón?

Ég skil lítið í refilstigum hinna flóknari fjármála. [...] Ég verð samt að segja – ansi þótti mér undarleg sú staðhæfing sem sett er fram í dómnum að verknaður hinna ákærðu, sem talinn er saknæmur, hafi ekki valdið miklu tjóni og því skuli hinir ákærðu ekki dæmdir til mjög þungrar refsingar. Lánið fræga upp á 10 milljarða hafi jú verið endurgreitt nokkrum dögum eftir hina misráðnu fléttu. Í fyrsta lagi – maður var dæmdur á Hraunið í fimm mánuði fyrir að stela sér til matar í 10-11. Tjón verslunarkeðjunnar mældist nokkur þúsund krónur. Ekki nenni ég að fletta upp hver er velta 10-11. En telst nokkur þúsund kall sem sagt vera „mikið tjón“ sem því skuli dæma hart fyrir?

http://blog.pressan.is/illugi/2012/12/30/litid-tjon/
*Illugi Jökulsson*

### Ekki sérindverskt mál

Hópnauðgunin og morðið í Delhi er ekki sérindverskt mál. Það er hluti af þeim alheimsvanda sem ofbeldi karla gegn konum er og elur af sér daglegar hörmungar um gervalla veröld. Misvituðlegar öryggisráðstafanir og stanslaus óttavæðing kvenna koma ekki í veg fyrir það. Aðeins karlar geta komið í veg fyrir það. En til þess þarf að fræða þá frá blautu barnsbeini um jafnan rétt kvenna og karla, þannig að litlir snáðar horfi ekki með fyrirlitningu á hið kvenlæga – og vaxi ekki upp í að verða karlmenn sem hópnauðga konu með skrúfjárni hérna á Íslandi eða reki görnina úr stúlkum í Delhi.

http://www.facebook.com/thordiselva
*Þórdís Elva Þorvaldsdóttir*




# Skelltu þér í ræktina!

Ný námskeið hefjast 7. og 8. janúar. 4 vikur.

**Kvennaleikfimi**
Mán., mið. og fös. kl. 16:30.
Verð 3x í viku kr. 14.900,-
Þri. og fim. kl. 10:00.
Verð 2x í viku kr. 12.900,-

**Karlapúl**
Mán., mið. og fös. kl. 12:00-12:45.
Verð kr. 14.900,-

**Pilates**
Þri. og fim. kl. 17:30 eða 18:30.
Verð, 8 vikur, kr. 21.900,-

**Í form fyrir golfið**
Þri. og fim. kl. 12:10-12:55.
Verð kr. 12.900,-



*„Ég var búin að taka eftir auglýsingum frá Heilsuborg í þó nokkurn tíma og var búin að vera að hugsa lengi um að fara að gera eitthvað í mínum málum. Ég er búin með grunnnámskeið í Heilsulausnum og er núna á framhaldsnámskeiðinu. Ég hef náð góðum árangri, náð að losna við mörg kíló og er bara svo miklu hressari og með miklu meiri orku. Maður verður að vilja gera þetta fyrir sig sjálfan. Þetta snýst ekki um það að megra sig þetta snýst um að lifa heilbrigðara lífi og koma sér í gott líkamlegt og andlegt form.“*

*Helga Einarsdóttir*

**Morgunþrek**
Fyrir lengra komna.
Mán., mið. og fös. kl. 7:45 eða 09:00.
Verð kr. 14.900,-

**Zumba toning/fitness**
Þri. og fim. kl. 16:30/17:30.
Verð kr. 12.900,-

**Zumba Gold 60+**
Fyrir 60 ára og eldri
sem hafa gaman af að dansa.
Þri. og fim. kl. 11:00.
Verð kr. 9.900,-

**Leikfimi fyrir 60 ára og eldri**
Mán, mið. og fös. kl. 11:00 eða 15:00.
Verð kr. 9.900,-

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Uppbygging kjarkmikillar þjóðar

EFNAHAGSMÁL



Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Undanfarin fjögur ár hafa verið einn viðburðaríkasti tími hagsögu Íslands. Þjóðin hefur gengið í gegnum miklar hremmingar. Hrunið á fjármálamarkaði er fordæmalaust og sögulegt á margvíslegan hátt. Verkefni þessarar ríkisstjórnar var því ærið. Því er ekki lokið en það er langt komið. Allir Íslendingar hafa þurft að færa fórnir en alþjóðlegir, hlutlausir aðilar hafa borið lof á árangur Íslands í kjölfar hrunsins og flestir ef ekki allir hagvísar sýna svart á hvítu að við erum á réttri leið.

Eftir að botni kreppunnar var náð árið 2010 hafa ráðstöfunartekjur heimila hækkað, eignastaðan batnað og um 60% allra heimila eru með lægri eða sömu skattbyrði og þau voru með fyrir hrun. Í samræmi við forsendur kjarasamninga hækkaði kaupmáttur heimilanna bæði árið 2011 og 2012. Það er forgangsmál ríkisstjórnarinnar að tryggja áframhaldandi kaupmáttaraukningu og frið á vinnumarkaði. Þar er þróun gengis og verðlags lykilatriði.

Ný skýrsla Norrænu ráðherranefndarinnar staðfestir að eftir að ríkisstjórn mín tók við hefur tekist að draga verulega úr verðhækkunum. Þegar ríkisstjórn Samfylkingar og VG tók við var verðbólgan 18,6% en er nú 4,2%. Í skýrslunni segir berum orðum að á Norðurlöndum sé matarkarfan ódýrust á Íslandi og í Finnlandi. Skýrslan sýnir einnig að á Norðurlöndunum eru skattar sem hlutfall af landsframleiðslu lægstir á Íslandi.

**Ráðdeild og réttlæti**

Skuldir heimila og fyrirtækja hafa lækkað sem nemur um tvöfaldri landsframleiðslu á þremur árum og er það ótrúlegur viðsnúningur. Rétt rúmlega 200 milljarðar króna hafa verið afskrifaðar af lánum heimila og sem hlutfall af landsframleiðslu eru skuldir þeirra nú svipaðar og í upphafi eignabólunnar árið 2004. Eignastaða heimilanna batnaði um tæp 17% á milli áranna 2010 og 2011 og sú þróun hefur haldið áfram. Skuldastaða heimilanna er nú svipuð og hún var um mitt árið 2007.

Hrunið neyddi ríkissjóð til þess að ráðast í 300 milljarða króna aðlögun ríkisfjármálanna að raunveruleikanum. Þrátt fyrir það hafa skattar verið lækkaðir og útgjöld til velferðarmála verið aukin sem hlutfall af landsframleiðslu. Ríkið tekur því minna til sín af þjóðarkökunni og forgangsraðar velferðarmálunum með skýrari hætti en tíðkaðist í tíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Stjórnarráðinu.

**Auknar fjárfestingar**

Fjárfesting atvinnuveganna hefur tekið við sér og spáð er að innan tveggja ára nálgist hún meðaltal síðustu þrjátíu ára. Sömuleiðis er gleðilegt að viðskiptajöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð hefur að undanförnu verið einn sá mesti í áratugi.

Ríkisstjórnin kynnti nýverið metnaðarfulla fjárfestingaráætlun sem gerir ráð fyrir yfir um 40 milljarða fjárfestingu í innviðum samfélagsins. Milljörðum króna er varið í græna hagkerfið, tvöföldun framlaga til rannsóknarsjóða, sóknaráætlanir landshluta, eflingu ferðaþjónustunnar, samgöngubóta og eflingu skapandi greina s.s. í gegnum Kvikmyndasjóð og Verkefnasjóð skapandi greina. Við höfum ákveðið að veðja á hugvit íslensku þjóðarinnar og erum sannfærð um að það sé besta leiðin til framtíðar.

Fjármögnun fjárfestingaráætlunarinnar byggir ekki síst á því að með lögfestingu veiðigjaldsins á árinu 2012 njóta landsmenn nú loks sanngjarnra tekna af fiskveiðiauðlindinni. Áætlað er að nýja veiðigjaldið muni skila landsmönnum allt að 15 milljörðum króna á því ári sem nú gengur í garð. Mikilvægt er að ná fram enn frekari umbótum á stjórn fiskveiða m.a. til að tryggja betur jafnræði og nýliðun í greininni.

**➜ Skuldir heimila og fyrirtækja hafa lækkað sem nemur um tvöfaldri landsframleiðslu á þremur árum...**

Miklu skiptir að hér á landi sé öflug gjaldeyrissköpun en í því sambandi má benda á að erlendum ferðamönnum hefur fjölgað um 100 þúsund eða um rétt liðlega 19% fyrstu ellefu mánuði ársins frá sama tíma í fyrra. Þar gætir tvímælalaust áhrifa sameiginlegs markaðsátaks stjórnvalda og ferðaþjónustunnar.

**Kjarkur og ögrandi ákvarðanir**

Á liðnu kjörtímabili hefur Ísland stutt fullveldiskröfur Palestínu og kröfur um að rödd Palestínumanna fái að heyrast meðal þjóðanna svo eftir hefur verið tekið. Með stuðningi Íslands og tuga annarra ríkja var markverðum áfanga náð í nóvember þegar Palestína varð áheyrnarríki Sameinuðu þjóðanna.

Merkar tilraunir okkar til að skrifa nýja stjórnarskrá í nánum tengslum við þjóðina sjálfa hafa vakið athygli utan landsteinanna. Eftir áratuga þóf sýndi Alþingi kjark, tók af skarið og setti málið í hendur fólksins í landinu. Þegar það tekur endanlega afstöðu til tillagna að breyttri stjórnarskrá verður til þess tekið að efnisleg meðferð og allur undirbúningur nýrrar stjórnarskrár var ekki aðeins í höndum sérfræðinga heldur einnig í höndum kjósenda og einstaklinga sem þeir völdu til verksins.

Einnig er fylgst með aðildarumsókn okkar að Evrópusambandinu í skugga gjaldeyrishafta sem við ein búum við í allri álfunni. Verkefnið er stórt og ögrandi og íslenskir stjórnmálamenn verða að hafa kjark til þess að bera lokaniðurstöðuna undir þjóðina sjálfa. Það er einlægur ásetningur stjórnarflokkanna að standa við þau fyrirheit að þjóðin hafi síðasta orðið í þessum mikilsverðu málum sem setja munu mark sitt á framtíðina.

Ég óska landsmönnum öllum árs og friðar.

# Umboðsmaður Alþingis tekur á landlækni

HEILBRIGÐISMÁL



Sölvi Jónsson
félagsliði

Á heimasíðu umboðsmanns Alþingis, dagsett 17. október, er að finna útdrátt úr bréfi sem hann ritaði velferðarráðuneytinu síðasta sumar vegna vinnubragða landlæknisembættisins í kvörtunarmálum. Þar segir: „Í ágúst síðastliðnum tilkynnti umboðsmaður Alþingis velferðarráðherra að hann hefði það til skoðunar að taka stjórnsýslu þessara mála til athugunar að eigin frumkvæði. Ástæða þess að umboðsmaður hafði til skoðunar að hefja frumkvæðisathugun á stjórnsýslu landlæknisembættisins voru ýmsar kvartanir og ábendingar sem hafa borist undanfarin misseri vegna eftirlits embættisins og í vissum tilvikum vegna eftirlits velferðarráðuneytisins með landlækni. Efnislega hafa þessar kvartanir m.a. lotið að aðgangi einstaklinga að gögnum, t.d. eigin sjúkraskrá, sjúkraskrá látins maka eða að vinnugögnum heilbrigðisstarfsmanna sem verða til við rannsókn eða meðferð en eru ekki færð í sjúkraskrá, viðbrögðum og niðurstöðum landlæknis í tilefni af kvörtunum yfir vanrækslu eða mistökum við veitingu heilbrigðisþjónustu eða vegna ótilhlýðilegrar framkomu heilbrigðisstarfsmanna, hæfi þeirra sem koma að úrlausn kærumála á vegum landlæknisembættisins og eftirliti með því að heilbrigðisstofnanir eða heilbrigðisstarfsmenn fari að ákvæðum laga s.s. um tilkynningarskyldu vegna óvæntra atvika, trúnaðar- og þagnarskyldu og aðgang og notkun heilbrigðisstarfsmanna á upplýsingum í sjúkraskrám.“

**Hvítþvottarskýrsla**

Þetta eru sannarlega góðar fréttir. Ég þekki til vinnubragða landlæknis úr tveimur málum sem ég hef sent inn og nú er annað þeirra hjá velferðarráðuneytinu eftir að hafa verið í millitíðinni hjá umboðsmanni Alþingis. Landlæknir kallar til svokallaðan óháðan álitsgjafa. Læknir rannsakar lækni, sjúkraþjálfari rannsakar sjúkraþjálfara. Álitsgjafinn vinnur nánast án undantekningar hvítþvottarskýrslu fyrir starfsbróður sinn og landlækni og sviptir með því sjúklinginn rétti til bóta. Sjúklingnum er gefinn frestur til að svara en það sem hann hefur um málið að segja er síðan ekki tekið til nokkurrar skoðunar. Álit landlæknis skal standa.

Enginn lærir því neitt af þessu. Lækninum er ekki sagt að taka sig á í starfi eða endurmennta sig eða neitt slíkt og getur þess vegna haldið áfram að gera sömu vitleysuna í starfi og skaða áfram sjúklinga sína. Landlæknir virðist löngu hafa gleymt markmiði sínu „að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að heilbrigði landsmanna“ (1. gr. í lögum um landlækni). Og sjúklingurinn situr eftir með sárt ennið. Jafnvel tekst landlækni að hafa af honum geðheilsuna líka.

**➜ En nú hefur landlækni sem sagt borist „viðvörun“ umboðsmanns Alþingis í gegnum velferðarráðuneytið og landlæknir lofar vitaskuld öllu fögru. Landlæknir ætlar að senda þá starfsmenn sem helst koma að eftirliti og kvörtunarmálum á námskeið í stjórnsýslulögum...**

**Starfsmenn á námskeið**

Hann getur að vísu kært úrskurð landlæknis til ráðherra. En aðeins málsmeðferðina, ekki efnislega niðurstöðu málsins samkvæmt lögfræðingum landlæknis. Í 12. greininni í lögum um landlækni segir: „Heimilt er að kæra málsmeðferð landlæknis samkvæmt ákvæði þessu til ráðherra.“ Ekkert sérákvæði er að finna um efnislega niðurstöðu kvartanamála, ekkert er raunar minnst á efnislega niðurstöðu kvartanamála í lögum um landlækni. Lögfræðinga landlæknis skortir því lagarök fyrir þessari túlkun sinni. Það segir sig sjálft að ef eitthvað er athugavert við málsmeðferðina þá er mjög sennilega eitthvað athugavert við niðurstöðuna líka.

En nú hefur landlækni sem sagt borist „viðvörun“ umboðsmanns Alþingis í gegnum velferðarráðuneytið og landlæknir lofar vitaskuld öllu fögru. Landlæknir ætlar að senda þá starfsmenn sem helst koma að eftirliti og kvörtunarmálum á námskeið í stjórnsýslulögum og segir að vinna við gerð verkferla er varða eftirlit og afgreiðslu kvartana hafi hafist fyrr á árinu.

Ég hef ekki nokkra trú á að breyting verði á vinnubrögðum landlæknis í meðferð kvörtunarmála þrátt fyrir þetta og vona að þetta kerfi kvörtunarmála verði að lokum tekið til gagngerrar endurskoðunar af umboðsmanni Alþingis og úr höndum landlæknis. Sá sem sendir inn kvörtun til landlæknis mun örugglega áfram aðeins uppskera vonbrigði, sárindi og leiðindi og enga viðurkenningu á þeim miska sem hann hefur hlotið. Ég ráðlegg því ekki nokkrum manni að fara þá leið. Sitji maður uppi með skaða vegna mistaka heilbrigðisstarfmanns er eina vitið að láta landlækni ekki hafa minnstu aðkomu að málinu vegna þess að álit hans veikir nánast án undantekningar málið eða eyðileggur það alveg. Hægt er að senda inn umsókn í sjúklingatryggingu Sjúkratrygginga Íslands (eða hjá vátryggingarfélagi sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns) og síðan leita með málið beint til dómstóla ef svarið við umsókninni verður neikvætt.

# Ríkisvæðing atvinnuleitenda

ATVINNUMÁL



Sigurjón Haraldsson
viðskiptafræðingur

Í stefnuræðu Jóhönnu Sigurðardóttur segir hún að engin ríkisstjórn í hinum vestræna heimi hafi náð viðlíka árangri og núverandi ríkisstjórn Íslands. Sennilega er þessi árangur helst mælanlegur í huga ríkisstjórnarinnar, því þessi árangur virðist ekki skila sér út í raunveruleikann. Flest hagkerfi reyna að hafa önnur hagkerfi, þar sem vel hefur gengið, sem fyrirmynd. Taka það besta úr öðrum hagkerfum og heimfæra yfir á eigið hagkerfi. En þetta virðist vera öfugsnúið hjá þessari ríkisstjórn, því hún telur sig hafa fundið upp hjólið, eða lausnina sem allir aðrir, allavega í hinum vestræna heimi, ættu að horfa upp til og nota. Við höfum mörg svona dæmi frá undanförnum áratugum og má þar t.d. nefna verðtrygginguna lána, sem fyrirfinnst hvergi í hinum vestræna heimi, meðal almennings og heimila. Við vitum hvernig það hefur bætt kjör almennings á Íslandi, eða hitt þó heldur.

**Ekki varanleg lausn**

Það eru fleiri uppfinningar sem þessi ríkisstjórn hefur fundið upp á, sem aðrar þjóðir hafa annaðhvort gefist upp á eða hafa þótt svo vitlausar meðal hagfræðinga að engum hefur dottið í hug að setja þær í framkvæmd, nema þá helst íslensku ríkisstjórninni. Þar má nefna m.a. að auka hagvöxt með skattlagningu eða fækka atvinnulausum með því að færa þá milli tryggingakerfa eða annarra ríkisútgjalda. Það er rétt hjá Jóhönnu að engri ríkisstjórn í hinum vestræna heimi hefur tekist að fækka atvinnulausum án þess að fjölga störfum.

Aðgerðir sem hafa miðað að því að fækka fólki af atvinnuleysisskrá með því að hafa ofan af því í einhverju öðru opinberu kerfi er ekki varanleg lausn. Það er vel hægt að fela staðreyndirnar í fjögur ár með þessari aðferð, en ekki til langtíma. Ef ekki verða til fleiri störf, þá mun fólki annaðhvort fækka í þjóðfélaginu, því þeir sem geta munu flytjast búferlum þangað sem vinnu er að hafa, eða lenda í gildru fátæktar og enda sem stuðningsþegar ríkisvaldsins. Að fjölga menntunarmöguleikum er ekki sama og að fjölga störfum. Ef menntunarúrræði er einungis til að hafa ofan af fyrir fólki, þá erum við bara að fresta vandanum um þrjú til fjögur ár. Ef við sköpum ekki umhverfi sem örvar atvinnustarfsemi í landinu samhliða auknum menntunarúrræðum, þá stöndum við í verri sporum eftir nokkur ár.

Þó fækkað hafi á atvinnuleysisskrá þá stöndum við enn þá með fjölda atvinnuleitenda sem ríkisstjórnin hefur ekki fundið lausn fyrir. Þeir sem fara í nám eða lenda á félagsþjónustu sveitarfélaga eru stöðugt í atvinnuleit, þó þeir hafi tímabundin úrræði og teljist ekki atvinnulausir í merkingu laga um atvinnuleysisbætur.

**➜ Ríkisstjórnin skapar ekki störf sem örva hagvöxt heldur einungis störf sem kostuð eru af opinberu fé...**

**Kostnaðardrifin störf**

Hægri grænir hafa það á stefnuskrá sinni að lækka skatta og örva þannig hagkerfið en ekki með ofurskattlagningu eins og núverandi ríkisstjórn. Atvinnuleitendum verður ekki fækkað nema með fjölgun starfa. Ríkisstjórnin skapar ekki störf sem örva hagvöxt heldur einungis störf sem kostuð eru af opinberu fé og eru því kostnaðardrifin, en ekki tekjudrifin. Lækkun skatta leiðir af sér meiri afgang og hagnað innan hagkerfisins, meiri eftirspurn eftir vörum og þjónustu, sem skapar þann farveg sem þarf til að örva hagvöxt. Ef fólk og fyrirtæki hafa ekki tekjur, þá borgar það enga skatta og þar með er ekki hægt að halda úti t.d. velferðarþjónustu eða menntakerfi. Hækkun skatta, meðan hagkerfi er í lægð, veldur einungis því að gera ástandið enn verra. Það hækkar enginn vöruverð til að örva söluna. Skynsamlegast er að lækka ríkisútgjöld samhliða lækkun skatta með breyttri forgangsröðun og fækkun óþarfa útgjaldaliða og styrkingu innviða samfélagsins, sem skapa grundvöll og hvata til örvunar atvinnulífsins.

# Upprifjun – aðvörun

ATVINNUMÁL



Sverrir Hermannsson
frá Svalbarði

Fyrir mjög margt löngu gisti undirritaður á gömlu hóteli í Kaupmannahöfn byggðu úr trjáviði, feyskið orðið. Þar rakst hann á aðvörun svohljóðandi ef ske kynni að eldur yrði laus: „Ved ildebrand bevar ro og omtanke. Gå hen til vinduet og giv dem til kende overfor brandvæsenet på en behersket måde.“

Þessi tímabæra ráðlegging rifjaðist upp þegar þeir í Kastljósi áttust við, ráðherra atvinnumála og forseti ASÍ.

Á íslenzku gæti danska aðvörunin hljómað þessu líkt: „Við uppreisn í atvinnumálum varðveitið rósemd og íhygli. Gangið fyrir Sjónvarp í hógværð og sýnið áhorfendum yfirvegun og sjálfstjórn.“







**NÝ&BETRI - KONA**
23.FEBRÚAR - 2.MARS




**GÖNGUFERÐ TENERIFE**
2. - 9. MARS




**KARÍBAHAFIÐ**
15. - 23. MARS (UPPSELT)




**MÜNCHEN**
HELGARFERÐ 14. - 17. MARS




**DUBAI OG SUEZ**
13. APRÍL - 1. MAÍ




**DUBLIN** PÁSKAFERÐ OG HELGARFERÐIR Í APRÍL OG OKT.




**BERLÍN** HELGARFERÐIR Í APRÍL, MAÍ, OKTÓBER OG NÓVEMBER




**BRIGHTON**
HELGARFERÐIR Í VOR




**VORFERÐ UM MIÐ-EVRÓPU**
18. - 26. MAÍ




**TÖFRAR KÍNA**
31.MAÍ - 14.JÚNÍ




**NÝ&BETRI - DANS OG YOGA**
MAÍ 2013




**MIÐJARÐARHAFIÐ OG RÓM**
28. ÁGÚST - 11. SEPTEMBER




**VÍNHÁTÍÐ VIÐ MÓSEL**
29. ÁGÚST - 4. SEPTEMBER




**AÐVENTUFERÐIR**
TRIER, BERLÍN OG MUNCHEN

## *Nýtt ár, ný ævintýri!*

Ferðavenjur Íslendinga hafa breyst mikið í gegn um tíðina og stöðug þróun ávallt í gangi. Með stolti bjóðum við upp á fjölbreytt úrval af spennandi nýjungum í bland við staði sem Íslendingar þekkja vel og hafa notið vinsælda í mörg ár.

**MEIRA Á** urvalutsyn.is
Lágmúli 4 108 Rvk | s. 585-4000 | info@uu.is

ÚRVAL·ÚTSÝN

RÖKSTÓLAR



**Á KJARVALSSTÖÐUM** Björk og Þorbjörn hafa takmarkaðan áhuga á Annþóri og Berki en hafa samúð með verjendum glæpamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ættu að slökkva á netinu um helgar

Fréttamaðurinn Þorbjörn Þórðarson og ritstjórinn Björk Eiðsdóttir létu jafnréttisumræður koma sér á óvart og fylgdust misvel með Landsdómi og komum fræga fólksins til Íslands á árinu sem er að líða. Þau settust á rökstóla og ræddu árið sem senn er liðið.




**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is


*Hvað finnst ykkur standa upp úr á árinu sem er að líða?*

**Þorbjörn:** „Það fyrsta sem mér dettur í hug er Landsdómsmálið. Það var náttúrulega risavaxinn fréttaviðburður, ekki á íslenska vísu heldur bara á heimsvísu. Sú athygli sem erlendir fjölmiðlar sýndu því máli sýnir kannski hversu stórt það er.“

**Björk:** „Niðurstaða dómsins var líka mjög áhugaverð.“

**Þorbjörn:** „Já. Hvað fannst þér um niðurstöðuna?“

**Björk:** „Mér fannst þetta fáránlegt. Fullkomlega fáránlegt að kenna einum manni um allt saman.“

**Þorbjörn:** „Einmitt. Það stendur nefnilega orðrétt í dómsniðurstöðunni að ákærði hafi verið sýknaður af öllum alvarlegustu ákæruliðunum. Mér fannst svolítið fyndið, og ég get sagt þetta núna af því að við erum að spjalla saman, að lesa grein í Financial Times eftir Steingrím J. Sigfússon þar sem hann talar um íslensku leiðina út úr hruninu, að við höfum skipt bönkunum upp í nýja og gamla. En við drógum einmitt fyrir Landsdóm manninn sem flutti frumvarpið um þessa íslensku leið, neyðarlögin.“

**Björk:** „Hvað kostaði þetta, þessi málaferli öll?“

**Þorbjörn:** „Það var komin einhver tala á það. Voru það ekki tæpar 200 milljónir? En þetta var auðvitað svolítið strembin dagskrá að vera á hverjum einasta degi þarna niður frá. Við vorum með beinar útsendingar, þetta var gaman.“

**Björk:** „Já þú hefur náttúrulega verið mjög inni í þessu, á meðan ég var bara „djöfull er þetta leiðinlegt“. Það er kannski munurinn á okkur tveimur. Ég fylgdist ekki svona vel með þessu, mér fannst þetta skrípaleikur og eftir fyrsta dag nennti ég ekki að fylgjast meira með.“

*En þetta var líka svolítið ár stórra dómsmála, ekki satt? Það voru nokkur hrunmál, og Annþór og Börkur voru mikið í sviðsljósinu, ef það má orða það þannig.*

**Björk:** „Já, það er svolítið sorglegt hvað þeir fá mikið sviðsljós finnst mér.“

**Þorbjörn:** „Þetta var kannski árið þar sem komst hreyfing á þetta uppgjör við hrunið fyrir dómstólum. En með Annþór og Börk, ég prívat og persónulega hef ekki brennandi áhuga á svona ofbeldis- og líkamsárásarmálum, nema bara kannski lögfræðihliðinni, en að velta mér upp úr nákvæmri lýsingu á líkamsárásum þar sem menn ráðast á aðra undirmálsfiska þjóðfélagsins með golfkylfum og hafnaboltakylfum, það höfðar ekki til mín.“

**Björk:** „Tilfinningin sem maður fær er að verið sé að gera stjörnur úr þeim, eða ég held að þeim líði svolítið þannig. É veit alveg að fólk vill vita um þessa hluti, en ég held að það mætti tóna þetta niður.“

**Þorbjörn:** „Já, ég vorkenni líka verjendum þessara manna. Börkur ætlaði að vera agalega stór karl og hrækja í átt til dómara í héraðsdómi Reykjaness í aðalmeðferð í einu þessara mála, og stærstur hluti gusunnar lenti á skikkju verjandans.“

**Björk:** „Ég held að það sé ekki öfundsvert hlutverk að verja svona menn.“

**Þorbjörn:** „Mér finnst líka standa svolítið upp hvað það voru ítrekaðar fréttir af vanda Landspítalans. Við höfum séð þessar fréttir um niðurskurð á undanförnum árum en í ár leið vart sá dagur þar sem ekki var talað um lélegan tækjakost, skort á hjúkrunarrýmum og svo framvegis.“

**Björk:** „Já og það keyrði um þverbak núna undir lok árs – voru það ekki tveir sem dóu? Maður vonar allavega að núna verði eitthvað gert í þessum málum.“

*Svo má nefna fjöldauppsagnir hjúkrunarfræðinga og launahækkun forstjórans sem aldrei tók þó gildi.*

**Björk:** „Það var svolítið vandræðalegt mál. En ég skil vel að hjúkrunarfræðingar séu búnir að fá nóg.“

**Þorbjörn:** „Ég er í minnihluta með það að mér fannst rétt hjá Guðbjarti Hannessyni að hækka launin hjá Birni Zoëga. Af þeirri einföldu ástæðu að það er eiginlega ótrúlegt að Birni hafi tekist að reka þennan spítala án þess að það sé margra milljarða framúrkeyrsla á hverju ári.“

**Björk:** „Já ég er reyndar algjörlega sammála þér, mér fannst ekkert rangt við það, þetta bara kom klaufalega út. Og auðvitað eru fleiri sem ættu að fá launahækkun í þessum bransa, en það er náttúrulega brjáluð samkeppni að fá þetta fólk út.“

**Þorbjörn:** „En svo verður forvitnilegt að sjá hvort þessi aðgerð verði Guðbjarti Hannessyni erfið, hann vill verða næsti formaður Samfylkingarinnar, það er spurning hvort þetta verði rifjað upp í janúar. Þetta gæti dregið dilk á eftir sér.“

## Eiríkur Ingi maður ársins

*Að lokum: hver er maður ársins 2012?*

**Þorbjörn:** „Tvö nöfn koma strax upp í hugann hjá mér. Fanney Guðmundsdóttir skíðakona, sem lenti í hræðilegu slysi í lok desember í fyrra og er eftir aðeins tíu mánuði komin aftur í brekkurnar. Svo er það auðvitað Eiríkur Ingi Jóhannsson sjómaður.“

**Björk:** „Það er sá sem ég var með í huga. Ég fæ enn þá bara gæsahúð þegar ég hugsa um það.“

**Þorbjörn:** „Og auðvitað sýndi Guðni Bergsson mikla hetjudáð með því að fórna sér á lögmannsstofunni Lagastoð þegar ráðist var á framkvæmdastjórann. Honum tókst sennilega að bjarga lífi hans. Hans björgun skipti sköpum.“

**Björk:** „Þetta viðtal við Eirík var eitt það rosalegasta sem maður hefur séð. Maður getur varla ímyndað sér að vera svona einn úti á ballarhafi, hann var svo einlægur í þessu viðtali í Kastljósi og var örugglega enn í sjokki. Nú er maður nýbúinn að sjá Djúpið og þá rifjast þetta upp, hvað þetta er rosalegt að lifa þetta af. Mér finnst hann maður ársins.“

**Þorbjörn:** „Af því að þú nefnir Djúpið þá var ótrúlega merkilegur árangur í menningarlífinu, bæði tónlist og kvikmyndagerð. Magnaður ferill Baltasars Kormáks sem sífellt hækkar flugið.“

**Björk:** „Og svo Of Monsters and Men.“

**Þorbjörn:** „Velgengni þeirra í Bandaríkjunum er ótrúleg.“

**Björk:** „Þetta er algjör öskubuskusaga. Ung og nýbúin að vinna Músíktilraunir og meika það í Ameríku. Og eiga ábyggilega eftir að ná enn lengra.“

### Erum við ekki komin lengra?

*Svo voru líka forsetakosningar á árinu. Hver fannst ykkur skemmtilegasti frambjóðandinn?*

**Þorbjörn:** „Ólafur Ragnar. Einfaldlega af því að hann er svo ótrúlega sjóaður í kosningabaráttu. Þóra var mjög frambærilegur frambjóðandi en hún átti við ofurefli að etja. Ólafur var mjög skemmtilegur því maður sá hann nýta alla ásana og þegar hann var kominn í þennan ham var gaman að fylgjast með.“

**Björk:** „Hann steig vart feilspor í þessari kosningabaráttu. Byrjaði seint, tók þetta af alefli og tók Dorrit með sér. Það var held ég mjög sterkur leikur hjá honum af því að mjög margir eru komnir með nóg af honum en þjóðin virðist elska hana.“

**Þorbjörn:** „Hann var líka mjög ósvífinn í baráttunni, með því að vera með ásakanir á hendur manni Þóru sem eiga ekki við nein rök að styðjast. Hann vissi betur, en auðvitað þegar hann var búinn að koma þessari smjörklípu á framfæri þá var hún komin í umferð. Hann kann öll trixin, hann má eiga það. Svo náttúrulega er þessi endurreisn Ólafs Ragnars síðustu tvö árin með ólíkindum. Hann eiginlega þarf að gefa sjálfum sér fálkaorðuna fyrir það hvernig honum tókst til við hana.“

**Björk:** „Algjörlega. Það er ótrúlegasta fólk farið að tala vel um hann, sem var áður harðir andstæðingar hans. Þó þetta hafi kannski ekki verið mjög spennandi í lokin þá var þetta skemmtilegt og að það skyldu fara svona margir

„Það eru alltaf heilmikið af fólki á tónleikunum sem taka um 40 mínútur. Þeim lýkur sem sagt rétt fyrir sex og svo höfum við hraðar hendur hér í kirkjunni því klukkan sex hefst hér aftansöngur sem er útvarpað um land allt,“ segir Erla Elín að lokum.

sigridur@frettabladid.is

Nýtt!

Nicorette® QuickMist munnholsúði

# HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

**Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum**









## Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingaþörf
- 1 mg nikótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette® auðveldar þér að hætta að reykja

**Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf** (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

nicorette nicotin

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** strit, **6.** klukka, **8.** í viðbót, **9.** gagn, **11.** slá, **12.** póll, **14.** fótmál, **16.** mun, **17.** hvoftur, **18.** skurðbrún, **20.** sjó, **21.** réttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda, **3.** samtök, **4.** háttprúður, **5.** skjön, **7.** heimilistæki, **10.** hald, **13.** sarg, **15.** hvæs, **16.** kirna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** baks, **6.** úr, **8.** auk, **9.** nyt, **11.** rá, **12.** skaut, **14.** skref, **16.** ku, **17.** gin, **18.** egg, **20.** sæ, **21.** ragú.
**LÓÐRÉTT: 1.** púns, **3.** aa, **4.** kurteis, **5.** ská, **7.** ryksuga, **10.** tak, **13.** urg, **15.** fnæs, **16.** ker, **19.** gg.






# Verði minn vilji

**BAKPANKAR**
Charlotte Böving



Á þessum árstíma, þegar það er splunkunýtt, ákveða margir að strengja áramótaheit.

**PEGAR** ég er að ákveða með sjálfri mér hvernig ég vil reyna að auðga líf mitt á nýju ári og hverju ég vil sleppa, segi ég helst ekki frá því sem ég er að hugsa. Ég vel a.m.k. með hverjum ég deili hverju. Óskir og heit hafa tilhneigingu til þess að leysast upp ef maður talar of mikið um þau. Heilinn virðist halda að maður hafi þegar breytt því sem maður er að tala um og hætta að þykja það áhugavert. Áramótaheitið gleymist – þar til að ári, þegar maður áttar sig á því að sama gamla óskin er komin aftur.

**TOPP** fimm áramótaheitin eru víst eftirfarandi:
Lifa hollara – hreyfa sig meira – vinna minna – hafa meiri tíma til þess sem er mikilvægt – minna stress.

**Í** fljótu bragði góð og gild loforð, en hvers vegna er svona erfitt að standa við þau?
Ég held að þau séu of ónákvæm. Þau kalla á samviskubit og eru ekki nógu spennandi eða lostafull. Sem sagt eru þau einfaldlega of óáhugaverð og óáþreifanleg fyrir heilann. Hann veit ekkert hvar hann á að byrja og finnur ekkert bragð.

**BRAGÐIÐ** kemur þegar maður kafar dýpra og spyr sig að því hvers vegna breytingar eru mikilvægar og hvað maður vill að þær hafi í för með sér af góðum – og slæmum – hlutum. Til dæmis mun mér líða betur líkamlega ef ég hreyfi mig meira, en það mun hugsanlega taka tíma frá fjölskyldunni. Það er mikilvægt að sjá báðar hliðar, þannig að það neikvæða læðist ekki inn svo lítið beri á og skemmi góðan ásetning.

**MAÐUR** getur líka velt því fyrir sér hvernig lífið verði eftir fimm eða tíu ár ef því er breytt núna – og ef það breytist ekki.

**EF** óskin um breytingar kemur frá hjartanu er auðveldara að verða við henni, vegna þess að hún er einlægari. En án skipulags gerist þó lítið. Hvernig á að ná markmiði sínu? Hvenær á að byrja? Hversu oft þarf að minna sig á það og hver getur hjálpað og stutt?

**MÁLIÐ** er að velta því fyrir sér hvað maður fær út úr áramótaheitinu og hvað það gefur, í stað þess að einblína á það hvað maður vill. Þá verður leiðin að markinu líka skemmtilegri, í stað þess að byrja enn eitt árið á skyldurækni og kvöðum.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Við þökkum ykkur kærlega fyrir
þægileg samskipti á árinu
og hlökkum til að sjá ykkur
mjög fljótlega á því nýja!

Verslanir við Dalveg, Lágmúla,
Austurstræti og í Keflavík
eru opnar um áramótin

Aðrar verslanir
loka kl. 18 á gamlársdag
og opna aftur kl. 11 á nýársdag

10-11
Fljótlegt og þægilegt

**ÞAU KVÖDDU Á ÁRINU** Hollywood missti sinn skerf af hæfileikafólki á árinu. Þessi verða ekki með okkur á næsta ári.



**Tony Scott**
leikstjóri



**Michael Clarke Duncan**
leikari



**Whitney Houston**
söng- og leikkona



**Marvin Hamlish**
tónskáld



**Ernest Borgnine**
leikari



**Nora Ephron**
leikstjóri og handritshöfundur



**Ben Gazarra**
leikari



**Richard D. Zanuck**
framleiðandi



**Larry Hagman**
leikari



**Zalman King**
leikstjóri og framleiðandi

# FARSÆLT BÍÓÁR Á ENDA

Á síðasta degi ársins er vel við hæfi að líta um öxl, en bíóárið var gott að mati Hauks Viðars Alfreðssonar. Landvinningar Baltasars Kormáks héldu áfram, RIFF-hátíðin toppaði sjálfa sig og frönsk gamanmynd gaf sumarmyndum Hollywood ekkert eftir.

**Bíó**
2012

Eins og íslenskt bíóáhugafólk á að venjast fóru fyrstu mánuðir ársins í að hreinsa „2011-borðið“. Í janúar fengum við tvær af bestu myndum síðasta árs, hina frönsku The Artist og nýjustu kvikmynd Alexander Payne, The Descendants. Ólíkar myndir en báðar alveg dásamlegar. Harmsaga kynlífsfíkils var sögð í kvikmyndinni Shame, en í henni átti stórleikarinn Michael Fassbender eina bestu leikframmistöðu sem við urðum vitni að á árinu.

Ævisögurnar voru atkvæðamiklar í upphafi árs. J. Edgar og The Iron Lady ollu báðar nokkrum vonbrigðum, en My Week with Marilyn var alveg frábær, og var það ekki síst aðalleikkonunni, Michelle Williams, að þakka. Þá komu gömlu kempurnar Martin Scorsese og Steven Spielberg færandi hendi, Scorsese með hina stórskemmtilegu Hugo og Spielberg með hina hundleiðinlegu War Horse.

### Baltasar

Það var enginn annar en Baltasar okkar Kormákur sem hóf bandaríska kvikmyndaárið með hvelli, en endurgerð hans á Reykjavík-Rotterdam, Contraband, kom bandarískum miðasölum á óvart í janúar. Aðalhlutverkið var í höndum Mark Wahlberg en ættjarðarást okkar Íslendinga var kitluð við það að sjá Ólaf Darra Ólafsson í litlu hlutverki.

Ólafur var í heldur stærri rullu í Djúpinu, sannsögulegri mynd eftir Baltasar sem frumsýnd var í september. Segir hún frá ótrúlegu þrekvirki Guðlaugs Friðþórssonar sem synti um sex kílómetra leið frá hinni sökkvandi Hellisey VE 503 að stórgrýttri fjörunni á austanverðri Heimaey árið 1984. Myndin var gríðarlega vel sótt, gagnrýnendur voru yfir sig hrifnir og er Djúpið komið í hóp þeirra níu mynda sem eiga möguleika á Óskarstilnefningu fyrir myndir á öðru tungumáli en ensku.

Árið var því gríðarlega gott fyrir Baltasar og á næsta ári má eiga von á spennumyndinni 2 Guns, þar sem hann leikstýrir sjálfum Denzel Washington.

### Svartur á leik

Kvikmyndin Svartur á leik var frumsýnd í marsmánuði, en þessi hrottalega glæpamynd er byggð á samnefndri skáldsögu Stefáns Mána. Myndinni leikstýrði Óskar Þór Axelsson, og þótti hann draga upp einkar sannfærandi mynd af undirheimum Reykjavíkur um aldamótin síðustu.

Leikhópurinn var framúrskarandi og mesta athygli vakti sérlega illskeytt persóna Damons Younger, en þeir Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Jóhannes Haukur Jóhannesson voru ekki síður sannfærandi.

### Sumarið

Það var ofurhetjukokkteillinn The Avengers sem þjófstartaði sumarmyndavertíðinni í byrjun maí og ríkti almenn ánægja með myndina, enda full af flottum tæknibrellum, spennu og fjöri.

Ævintýrum Mjallhvítar voru gerð óvenjuleg skil í myndinni Snow White & the Huntsman, en þar lék þokkagyðjan Charlize Theron hina andstyggilegu drottningu með eftirminnilegum hætti. Theron lék einnig



**BOND VANN** Skyfall var sú vinsælasta á árinu í íslenskum kvikmyndahúsum.

➜ ...segja má að myndin hafi verið orðin hálfgerð plága á kvikmyndahúsunum. Mánuðum saman skipti engu hvaða ómerkilegu mynd undirritaður fór að sjá, alltaf var röð út úr dyrum miðasölunnar og allir að fara á Intouchables.

stórt hlutverk í Prometheus eftir Ridley Scott, hörkuspennandi geimtrylli í anda Alien, sem var tekinn að hluta til hér á landi og sýndur í júní.

Ný sería um Könguló armanninn var gangsett í júlí og þótti The Amazing Spider-Man mun betur heppnuð en nýlegur þríleikur leikstjórans Sam Raimi um Lóa. Þá lokaði Christopher Nolan þríleik sínum um Leðurblökumanninn, en The Dark Knight Rises fékk prýðisgóðar viðtökur þrátt fyrir að standa fyrirrennara sínum, hinni frábæru The Dark Knight, töluvert að baki.

Tölvuteiknaði bangsinn Ted blótaði og reykti hass í samnefndri kvikmynd frá Family Guy-mógúlnum Seth McFarlane, á meðan Stallone og félagar myrtu mann og annan í The Expendables 2.

### Intouchables

Hér á landi var það þó franska kvikmyndin Intouchables sem gleypti sumarið með húð og hári. Það voru um 65 þúsund Íslendingar sem sáu þessa dramatísku gamanmynd, sem gerir hana eina af þeim mest sóttu þetta árið, og segja má að myndin hafi verið orðin hálfgerð plága á kvikmyndahúsunum. Mánuðum saman skipti engu hvaða ómerkilegu mynd undirritaður fór að sjá, alltaf var röð út úr dyrum miðasölunnar og allir að fara á Intouchables.

Þetta er glæsilegur árangur og ekki síður merkilegur í ljósi þess að þessi frábæra mynd er hvorki á íslensku né ensku. Þáttur bandaríska stórleikarans Dustin Hoffman í velgengni myndarinnar er þó umtalsverður, en áætlað er að um þriðjungur gesta hafi talið að um mynd með honum væri að ræða.

### RIFF

RIFF var með glæsilegasta móti í ár. Aðsóknarmet var slegið og voru nokkrar af bestu myndum ársins sýndar á hátíðinni, sem stóð yfir frá 27. september til 7. október.

Heimildarmyndin Searching For Sugar Man vakti sérstaka athygli, en í henni er sögð ótrúleg saga tónlistarmannsins Sixto Sodriguez. Þykir ekki ósennilegt að myndin verði tilnefnd til Óskarsverðlauna nú eftir áramót, og þegar þetta er skrifað er hún enn í sýningu í Bíó Paradís.

Þá var ítalski hrollvekjukóngurinn Dario Argento heiðursgestur hátíðarinnar, og voru sýndar þrjár myndir eftir hann, auk þess sem hann sat fyrir svörum fróðleiksþyrstra áhorfenda.

Hin bandaríska Beasts of the Southern Wild vann gullna lundann, aðalverðlaun hátíðarinnar, en lokamynd RIFF í ár var hin kynngimagnaða Jagten (The Hunt) eftir danska leikstjórann Thomas Vinterberg, en þar leikur Mads Mikkelsen leikskólastarfsmann sem er ranglega sakaður um að brjóta kynferðislega á barni.

### James Bond og lokaspretturinn

Eftir fjögurra ára bið fengu aðdáendur spæjarans James Bond loksins nýtt ævintýri frá Broccoli-stórveldinu, en kvikmyndin Skyfall var frumsýnd í lok október. Er það þriðja myndin sem skartar hinum ljóshærða Daniel Craig í aðalhlutverkinu, og segja má að þær örfáu efasemdarraddir sem eftir voru í hans garð hafi þagnað endanlega því myndin er frábær og Craig hefur líklega aldrei verið betri.

Rétt tæplega 80 þúsund manns sáu Skyfall og gerir það hana að aðsóknarmestu mynd ársins.

Nú rétt fyrir jól hófst síðan verðlaunatímabilið svokallaða, en þá hrúgast í kvikmyndahúsin myndir sem taldar eru líklegar til afreka á komandi verðlaunahátíðum ytra. Íslenskir kvikmyndaáhugamenn verða að bíða þolinmóðir til næsta árs eftir sumum þeirra, en í lok ársins fengum við Argo eftir Ben Affleck, og Silver Linings Playbook eftir David O. Russell, en báðar prýða árslista fjölmargra gagnrýnenda bæði hérlendis og annars staðar.

Skömmu eftir áramót fáum við nýjustu mynd Íslandsvinarins Quentin Tarantino, Django Unchained, The Master eftir Paul Thomas Anderson, Les Miserables eftir Tom Hooper og fullt af öðru góðgæti. Þær myndir bíða þó yfirferðar þar til um næstu áramót.


Eingöngu tertur!
Kaupið tímanlega því undanfarin ár höfum við þurft að loka daginn fyrir gamlársdag! Allt seldist upp...
Víkurhvarfi 6
Kópavogi!
BOMBA.IS
STÆRSTU
flugeldatertur landsins!
Ummæli viðskiptavina
Stephen Hawking:
Terturnar hans Arnar gera gat í hvaða svarthol sem er
Kóngurinn
verður á staðnum!
Albert Einstein:
Afstæðiskenninginn hefur fengið nýja vídd
Bogi róni:
Nú erum við í góðum málum (Trallalala la)
Litrík og falleg
Voldug eins og jökullinn sjálfur
BOMBA.IS
VATNAJÖKULL
MORO E DORO
BOMBA.IS
FLATEY
Bombur sem bæta geð!
Hljóðhimna hvað? Ha...?
BOMBA.IS
EYJAFJALLA-
JÖKULL
BOMBA.IS
STÓRI HVELLUR
- TITANÍUM
Vinsælasta terta síðasta árs
Opnunartímar
Föstudagur 28. des. ..............10-22
Laugardagur 29. des. ............10-22
Sunnudagur 30. des. ............10-22
Mánudagur 31. des. ..............10-16

# Saga lítilla heimóttarlegra karla

BÆKUR ★★★★☆

**Ísland í aldanna rás 2001-2010**
Bergsteinn Sigurðsson og Björn Þór Sigbjörnsson
**JPV 2012**




„Saga heimsins er saga mikilla manna,“ sagði skoski heimspekingurinn og sagnfræðingurinn Thomas Carlyle sem uppi var á 19. öld. Kenning Carlyle var sú að söguna bæri að skoða út frá „miklum mönnum“, hetjum sem í krafti gáfna, persónutöfra eða pólitískrar útsjónarsemi stýrðu henni. Við lestur bókarinnar Ísland í aldanna rás, yfirlitsrits um sögu Íslands frá 2001 til 2010 eftir Björn Þór Sigbjörnsson og Bergstein Sigurðsson, virðist saga Íslands síðustu tíu ára þvert á móti vera saga lítilla manna; heimóttarlegra karla sem drifnir eru af valdaþorsta, græðgi og frænd- og vinahygli.

Þótt höfundar bókarinnar segist í aðfaraorðum ekki hafa verið að skrifa sögu aðdraganda hrunsins er erfitt sem sjálfhverfur samtímalesandi að leitast ekki við að elta uppi þá atburðarás sem leiddi okkur í þá súpu sem við sitjum í nú; að skoða „öld öfganna“ eins og fyrsti áratugur 21. aldarinnar hefur verið kallaður í auglýsingaherferð fyrir bókina gegnum hruns-gleraugun. Og vandfundin er skemmtilegri vettvangsrannsókn um einkavæðingu, útrás, framkvæmdagleði, ofþenslu og hrun síðustu tíu ára en Ísland í aldanna rás.

Eins og í fyrri bindum bókaflokksins er helstu viðburðum hvers árs gerð skil í máli og myndum. Efnistök eru fjölbreytt og taka þau að miklu leyti mið af því sem hátt fór í fjölmiðlum hverju sinni en fjallað er um pólitík, viðskipti, listir, sakamál, íþróttir og dægurmál ýmiss konar. Útgáfan er vegleg að ytri gerð; bókin stór og pappírinn nautnalega þykkur og glansandi. Og innihaldið stendur svo sannarlega undir veglegu yfirborðinu. Efnið er valið af natni og er gott jafnvægi milli lengri úttekta á landsmálunum og léttri umfjöllun um mannlífið á borð við strauma og stefnur í kaffidrykkju (árið 2001 tók „coffee to go“ að ryðja sér til rúms og var enginn maður með mönnum nema hann væri með kaffimál í hönd) og klæðnaði (árið 2005 urðu Íslendingar óðir í lopapeysur). Texti bókarinnar er lipurlega ritaður og aðgengilegur. Kímni setur mark sitt á stílinn sem gerir textann jafnframt karakterríkan og grípandi. Hvergi glittir í þurran upptalningastílinn, gryfju sem yfirlitsriti af þessu tagi gæti verið hætt við að falla í.

Enda þótt þjóðin eigi sinn sess í bókinni eru það litlu, heimóttarlegu karlarnir – og vinir þeirra – sem fara með aðalhlutverkið: Belju-kyssandi ráðherrar, viðskiptajöfrar sem flugu í útrás á því sem reyndust vaxvængir sem bráðnuðu er þeir hættu sér of nálægt sólinni, forseti sem mundaði klappstýrudúskana í takt við vængjasláttinn en kannaðist svo ekkert við danssporin þegar vængirnir voru farnir af útrásarliðinu, pólitíkusar sem skiptu bróðurlega milli manna sinna einkavæddum auðæfum ríkisins og fundu þeim svo pláss í dómstólunum eða stjórnsýslunni sem ekki fengu banka í sinn hlut.

Og svo fór sem fór.

Að lesa Ísland í aldanna rás er dálítið eins og að spila morðgátuspilið Cluedo. Þar sem höfundar leitast ekki við að skýra orsakir hrunsins fellur það í skaut lesandans að púsla saman þeim vísbendingum sem liggja fyrir svo finna megi þann seka. Á tíðum er bókin því eins og besti reyfari, full af ráðgátum, leyndardómum og ótrúlegum vendingum. Að Arnaldi ólöstuðum hlýtur Ísland í aldanna rás að teljast með bestu glæpasögum ársins. **Sif Sigmarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær vettvangsrannsókn um öld öfganna. Reyfarakennd lesning sem slær Arnaldi við.



**2008** Lögreglan varð að beita piparúða í mótmælum vörubílstjóra við Olísstöðina við Rauðavatn í aprílmánuði árið 2008. Myndin var síðan valin fréttamynd ársins 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Úrval ljósa á betra verði
ÚTSALA
Hefst 2. janúar kl.12:00 10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

## TÍSKUFYRIRMYND LÉST

Það var mikill sjónarsviptir fyrir tískuheiminn er hin litríka Anna María Piaggi féll frá í ágúst. Tískufyrirmyndin og blaðamaðurinn var þekkt fyrir litríkan og skemmtilegan fatastíl. Hún var fastagestur á tískuvikunum þar sem henni var ávallt úthlutað besta sæti á fremsta bekk á sýningunum. Í fatasafni Piaggi voru 2.865 kjólar og 265 pör af skóm.



## HÆÐIR OG LÆGÐIR HENNES & MAURITZ




Sænski verslanarisinn Hennes & Mauritz tjaldaði öllu sem til var á árinu og hóf samstarf við mörg fræg nöfn í tískuheiminum. Fatalína Marni fyrir H&M var frumsýnd í vor með auglýsingu frá leikstjóranum Sofiu Coppola. Í sumar kom svo fylgihlutalína Önnu Dello-Russo og loks í október kom fatalína Maison Martin Margiela í búðir sænsku keðjunnar.

Hennes & Mauritz lá einnig undir mikilli gagnrýni er sænski þátturinn Kalla fakta ljóstraði upp um að keðjan borgaði starfsmönnum í verksmiðjum sínum í Bangladess svo lág laun að þeir áttu erfitt með að framfleyta sér. Einnig var álagið svo mikið á starfsfólkinu að það leið yfir það mörgum sinnum yfir daginn. Talsmenn H&M sögðu að málið yrði rannsakað af þeirra hálfu.

# HÁPUNKTAR Í TÍSKUHEIMI 2012

Sviptingar og róttækar mannabreytingar bar hæst í tískuheiminum á árinu. Hönnuðirnir Alexander Wang og Raf Simmons tóku nýjum áskorunum, YSL varð Saint Laurent og Marc Jacobs fékk skammir fyrir að borga fyrirsætum sínum ekki laun. Þá varð fótleggur Angelinu Jolie að umtalsefni.

## NÝ ÁSKORUN




Hönnuðurinn Alexander Wang tók nýjum áskorunum í lok árs er hann tók við kyndlinum hjá Balenciaga-tískuhúsinu frá Nicholas Ghesquière, sem á að baki 15 ár hjá fyrirtækinu. „Það er mér mikill heiður að taka við þessu hlutverki hjá merki og tískuhúsi sem ég ber mikla og djúpa virðingu fyrir.“ Fyrsta lína Wangs fyrir Balenciaga-tískuhúsið verður á tískuvikunni í París í byrjun árs.

## TIL DIOR



Hönnuðurinn Raf Simmons lét af störfum hjá Jil Sander á vormánuðum til þess að taka við sem yfirhönnuður hjá tískuhúsi Christian Dior. Hann þreytti frumraun sína hjá Dior á hátískusýningunum í sumar og þótti standa sig með prýði. Fatnaðurinn var einfaldari en gengur og gerist hjá tískuhúsinu og þykir koma hans því boða nýja tíma hjá hinu fornfræga tískuhúsi.

## FÓTURINN



Leikkonan Angelina Jolie vakti athygli í dragsíðum svörtum Versace-kjól á rauða dreglinum fyrir Óskarsverðlaunin 2012. Það var samt fótur Jolie sem komst í hámæli eftir að myndir af henni fóru að birtast á vefmiðlum. Staða leikkonunnar er hún stillti sér upp fyrir myndavélarnar og hvernig fóturinn stakkst út um klaufina þótti vera vægast sagt óeðlilegt. Grínmyndir af leikkonunni fóru því á kreik í kjölfarið.

## ENGIN LAUN





Í vor kom í ljós að hönnuðurinn Marc Jacobs hunsaði reglur CDFA, Fatahönnunarfélags Bandaríkjanna, og notaði tvær fyrirsætur undir 16 ára aldri í sýningum sínum í byrjun árs. Einnig kom í ljós að Jacobs ku ekki vera mikið fyrir að borga fyrirsætunum laun og býður þeim frekar fatnað úr sinni smiðju fyrir að ganga eftir sýningarpallinum. Þetta hefur vakið nokkra athygli og lofar Jacobs bót og betrun á nýju ári.



## YSL VERÐUR SAINT LAURENT

Hið fræga tískuhús Yves Saint Laurent ákvað að kasta y-inu úr lógóinu sínu og breyta nafni sínu í Saint Laurent á árinu. Breytingin vakti nokkurn titring meðal tískuspekinga enda lógóið með því frægara í tískuheiminum.



# *Létt, sterkt og fallegt*

Árið 2012 framleiddum við yfir 280.000 tonn af áli í álverinu á Grundartanga. Verðmæti þess er ríflega 610 milljónir bandaríkjadala, eða um 76 milljarðar króna. Til framleiðslunnar notuðum við mikla raforku, um 4.300 GWst, eða tæplega fjórðung alls rafmagns sem unnið er á Íslandi. Þessa orku kaupum við af fyrirtækjum í eigu almennings, Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun og HS Orku.

Í álverinu sjálfu starfa að jafnaði um 600 manns og um 1.000 manns til viðbótar hafa atvinnu af margskonar þjónustu sem tengist starfsemi okkar – flutningum, framkvæmdum, tækniþjónustu, birgðaöflun og fleiru. Norðurál er langstærsti atvinnurekandi á Vesturlandi og reyndasta starfsfólkið hefur verið með okkur allt frá upphafi, í 15 ár.

Íslenskt ál er notað um allan heim til að létta bíla, klæða hús og pakka inn nesti, smíða tölvur, snjallsíma, húsmuni og veggi. Ál úr grænni, íslenskri orku er ekki bara létt og sterkt, heldur líka fallegt og umhverfisvænt, enda má endurnýta það nánast endalaust.

**Við óskum landsmönnum gleðilegs árs og þökkum farsælt samstarf.**

NA NORÐURÁL

SAMBÍÓIN Gleðilegt Nýtt Ár!




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOBBIT: AN UNEXPECTED JOURNEY 3D | KL. 1 - 4:30 - 8 - 11:30 | 12 |
| HOBBIT: UNEXPECTED | KL. 4 -6 - 10 | 12 |
| HOBBIT: AN UNEXPECTED JOURNEY VIP | KL. 1 - 4:30 - 8 - 11:30 | VIP |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 | L |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 3:40 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL | KL. 8:20 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL. TAL | KL. 1:30 | L |
| ARGO | KL. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY | KL. 4 - 8 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 2 - 4- 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HOBBIT: AN UNEXPECTED JOURNEY 3D | KL. 1 - 4:30 - 8 - 10:20 - 11:20 | 12 |
| HOBBIT: UNEXPECTED | KL. 3:40 - 7 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3- 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 3:20 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 1 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| LIFE OF PI 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 1 - 3:10 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1:30-3:40-5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 1 - 3:10 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 2 - 4 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL | KL. 6 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SÝNINGARTÍMAR GILDA FYRIR NÝÁRSDAG




LOKAÐ Í DAG GAMLÁRSDAG - TÍMARNIR GILDA FRÁ 1.-3. JANÚAR

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 - 4.30 - 7 - 8 10.20 - 11.20 | 12 |
| THE HOBBIT 3D LÚXUS | KL. 1 - 4.30 - 8 - 11.20 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 5.15 - 8 - 10.45 | 10 |
| LIFE OF PI | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 10 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 | 7 |
| NIKO 2 | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 3.20 (TILB.) - 5.40 - 6.40 - 9 - 10 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3.15 (TILBOÐ) - 6 - 9 | 10 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 3 (TILBOÐ) - 6 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 9 | 16 |
| NIKO 2 | KL. 3 (TILBOÐ) | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 6.30 - 10 | L |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |

GLEÐILEG NÝTT BÍÓÁR 2013

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
GLEÐILEGT NÝTT ÁR
LOKAÐ 31. DESEMBER




OPIÐ NÝÁRSDAG - TÍMAR OG TILBOÐ GILDA FYRIR 1. JANÚAR!

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D (48 ramma) | 2, 6, 10 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 4, 7.30, 11 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | 5.30, 8, 10.30 | 10 |
| RISE OF THE GUARDIANS 3D | 2 | L |
| NIKO 2 | 2 | L |

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




700 TÖLUBLÖÐ Sjöhundraðasta tölublað Köngulóarmannsins markar tímamót.

→ **Langvarandi illindi**

Köngulóarmaðurinn og Doctor Octopus hafa lengi eldað grátt silfur saman.










# Endurfæðing Köngulóarmannsins

**Nýjasta hefti teiknimyndaseríunnar um Köngulóarmanninn markar kaflaskil í lífi persónunnar en þessi langlífa Marvel-hetja lætur lífið í tölublaðinu. Það er sjálfur erkióvinurinn, Doctor Octopus, sem tekur við.**

„Ég er bara að frétta þetta núna, hjá þér,“ segir listamaðurinn Hugleikur Dagsson um endalok Köngulóarmannsins eins og við þekkjum hann.

Nýjasta tölublað teiknimyndaseríunnar The Amazing Spider-Man, og jafnframt það sjöhundraðasta í röðinni, kom út á miðvikudag og segir frá dauða Köngulóarmannsins, en það er hinn illræmdi Doctor Octopus sem bindur enda á líf hans.



**HUGLEIKUR DAGSSON** Fullviss um að Lói snúi aftur.

Verknaðurinn veldur samviskubiti hjá þessum forna fjanda Lóa, og tekur hann sér því bólfestu í líkama hetjunnar og heldur áfram þar sem frá var horfið í baráttunni gegn hinu illa.

Gleraugnaglámurinn Peter Parker mun því ekki koma meira við sögu í þessum langlífa myndasögubálki, eða að minnsta kosti þar til annað kemur í ljós.

Hugleikur segir þetta reyndar hafa gerst áður en þá hafi það verið í eins konar hliðarveröld Marvel. „Þar dó Spider-Man og annar kom í hans stað. En það að óvinur hans verði hann sjálfur er afar spennandi. „Miklu valdi fylgir mikil ábyrgð“-mantra persónunnar fær alveg nýja merkingu.“

Þann 9. janúar munu ævintýri hins nýja Köngulóarmanns hefjast og verða nýju heftin gefin út undir nafninu The Superior Spider-Man, eða Hinn æðri Köngulóarmaður. Þessi sjokkerandi sögufétta hefur valdið usla meðal aðdáenda hetjunnar en Hugleikur segist fullviss um að hetjan snúi aftur innan skamms.

„Ef Spider-Man er dáinn þá mun hann rísa aftur fyrr en síðar. Það hafa ofurhetjur alltaf gert. Frægasta dæmið er Superman. Næstfrægasta dæmið er Jesús Kristur.“

haukur@frettabladid.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

NÝÁRSDAGUR: CHICKEN WITH PLUMS (14) 18:00, 20:00, 22:00 ■ TAKE THIS WALTZ (14) 17:40, 20:00, 22:20 ■ WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

LOKAÐ Í DAG GAMLÁRSDAG. GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!



# Söngkonan Shakira orðin móðir

Shakira staðfesti gleðifregnirnar á Twitter ásamt unnusta sínum Gerard Pique.

Söngkonan eignaðist dreng sem enn hefur ekki fengið nafn en hann fæddist í kringum jólahátíðina.

Pique er knattspyrnumaður og spilar með meistaraliðinu Barcelona. Hann skrifaði á Twitter eftirfarandi skilaboð „Sonur okkar er fæddur! Við erum í skýjunum! Takk fyrir allar kveðjurnar!“

Shakira uppljóstraði að hún væri ólétt í haust en söngkonunni leið það vel á meðgöngunni að hún lét hafa eftir sér í viðtali þegar fæðingin nálgaðist að hún mundi vilja vera ólétt í níu mánuði viðbót.



**NÝBAKAÐIR FORELDRAR** Shakira og knattspyrnukappinn Gerard Pique eignuðust son í kringum jólahátíðina. NORDICPHOTOS/GETTY

# Í karabíska hafinu

Brad Pitt og Angelina Jolie eyddu jólunum á karabískri eyju.

Brad opg Angelina eyddu jólunum í á eyju í Karíbahafi á heimili tískuhönnuðarins Donnu Karan. Þar hefur parið dvalið í góðu yfirlæti ásamt börnunum sex, Maddox, Pax, Zahara, Shiloh og tvíburunum Knox og Vivienne. Móðir Brads, Jane, hefur einnig verið með fjölskyldunni yfir jólin.

Á heimili Karan er allt til alls, þar á meðal sundlaug, útibíó og spa. „Þau elska eyjuna vegna þess að hún er á svo afviknum stað,“ sagði heimildarmaður blaðsins New York Post.



**ANGELINA JOLIE** Jolie, Pitt og fjölskylda hafa eytt jólunum á eyju í Karíbahafi.



**AMY WINEHOUSE** Faðir söngkonunnar sálugu á óútgefin lög eftir dóttur sína.

## Á óútgefin lög með Amy

**Mitch Winehouse, faðir söngkonunnar sálugu Amy Winehouse, á óútgefin lög eftir dóttur sína á lager. Hann efast samt um að þau muni nokkru sinni heyrast opinberlega. „Ég á dálítið af efni sem Amy tók upp með National Youth Jazz Orchestra. Það er ekki mikið, en eitthvað. Ég veit ekkert hvort það kemur út en arfleið hennar mun ekki gleymast hvað sem gerist,“ sagði Mitch. Amy lést 27. júlí 2011. Eftir dauða hennar kom út platan Lioness: Hidden Treasures sem hafði að geyma áður óútgefin lög og tónleikaupptökur.**



**GÓÐ RÁÐ** Matt Damon fékk góð ráð frá hinum sáluga Heath Ledger.

## Kossaráð frá Heath Ledger

Matt Damon fékk góð ráð frá hinum sáluga Heath Ledger um hvernig ætti að kyssa annan mann fyrir framan myndavélarnar. Damon leikur í myndinni Liberace sem fjallar um samkynhneigða píanistann Liberace.

Ledger kyssti Jake Gyllenhaal innilega í myndinni Brokeback Mountain sem kom út 2005 og í viðtali við Playboy sagðist Damon hafa spurt Ledger hvernig hann fór að því. „Hann sagði: „Félagi, ég drakk hálfan kassa af bjór í hjólhýsinu mínu“,“ sagði Damon. „Ég fór að hlæja og þá hélt hann áfram: „Nei, mér er alvara. Ég varð að láta vaða. Ef ég hefði ekki gert þetta hefði ekki verið hægt að búa til myndina.““




Fyrir konur og karla, CLUB FIT, 6-vikna námskeið

KOMDU ÞÉR Í TOPPFORM

50 mínútur 3x í viku

**Club Fit hefur slegið rækilega í gegn!**
Tímarnir byggjast á að lyfta lóðum og hlaupa á hlaupabretti.
Hraði og þyngdir sem henta hverjum og einum.
Þjálfari stýrir hópnum, leiðbeinir og hvetur áfram.
**Frábær stemning!** Þú kemst í flott form áður en þú veist af og hefur gaman af.

Allar nánari upplýsingar um verð og tímasetningar á www.hreyfing.is

Pantaðu frían prufutíma á www.hreyfing.is

**Innifalið:**
- Þjálfun 3x í viku
- Club Fit æfingakerfið sem miðar að því að „ögra“ líkamanum að komast út úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Þátttakendur hafa aðgang að lokuðu svæði með fræðslu, upplýsingum og uppskriftum frá Hreyfingu
- Þol- og styrktarmælingar – fyrir og eftir
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum

**NÝTT**
**Club Fit MTL (mótun, tónun, lenging)** Rólegri tímar - unnið með eigin líkamsþyngd og gengið eða skokkað á göngubretti
**Club Fit 50+** Fyrir konur og karla, 50 ára og eldri
**Club Fit Extreme** Fyrir þá sem vilja enn meira. Meiri keyrsla, erfiðari æfingar.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# Finnst best að spila undir pressu

Handknattleiksmaðurinn Aron Pálmarsson er íþróttamaður ársins 2012. Hann segist ekki hafa áhuga á því að vera farþegi í sínum liðum og kann best við sig þegar hann þarf að bera ábyrgð. Aron dreymir um að vinna gullverðlaun á stórmóti með landsliðinu.



**STOLTUR** Þrátt fyrir að vera aðeins 22 ára var Aron á topp tíu listanum í þriðja skipti. Allt er þegar þrennt er því nú vann hann. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**HANDBOLTI** Hinn 22 ára gamli Hafnfirðingur, Aron Pálmarsson, var um helgina kjörinn íþróttamaður ársins árið 2012 hjá samtökum íþróttafréttamanna. Aron hlaut afgerandi kosningu enda átti hann hreint út sagt stórkostlegt ár.

Drengurinn er lykilmaður hjá þýska liðinu Kiel sem vann Meistaradeildina, varð Þýskalandsmeistari og bikarmeistari. Liðið náði líka þeim einstaka árangri að fara í gegnum heilt tímabil í Þýskalandi án þess að tapa leik.

Á Ólympíuleikunum í London steig Aron síðan stóra skrefið. Hann fór úr því að vera einn efnilegasti handboltamaður heims í að verða einn sá besti. Frammistaða hans í London var þess eðlis að hún gleymist seint.

Úr varð að Aron var valinn í úrvalslið Ólympíuleikanna og eru margir á því að hann hafi verið besti handknattleiksmaður leikanna.

### Aukatitill en einn sá stærsti

„Svona útnefning hefur gríðarlega þýðingu fyrir mig. Þetta er þriðja árið í röð sem ég kemst á þetta hóf og farið tómhentur heim. Ég hef svekkt mig mikið á því. Það sýnir líka hvað við eigum mikið af frábæru íþróttafólki. Sérstaklega voru margir góðir á þessu Ólympíuári. Það er því stórkostlegt að fá þessa útnefningu,“ sagði Aron en hann varð í sjöunda sæti í kjörinu í fyrra og fjórða sæti árið 2010.

„Ég hef kannski ekki beint stefnt að þessum titli. Þetta er aukatitill en um leið einn sá stærsti. Maður gerir sitt besta og svo þegar þessar útnefningar koma þá fer maður að pæla í hvað maður hefur afrekað og fer að klæja í puttana.“

Eins og áður segir hefur undanfarið ár verið ótrúlegt fyrir Aron. Er hann farinn að gera sér grein fyrir því hversu ótrúlegt árið var hjá honum?

„Ég fattaði það fyrst almennilega áðan þegar árið var rifjað upp hjá mér. Þegar ég lít yfir þetta í heildina get ég ekki verið sáttari. Það sem stendur upp úr á árinu er að hafa tekið þrennuna með Kiel. Vinna alla þrjá stóru bikarana og ná fullkomnu tímabili. Það var einstakt. Svo stendur líka upp úr að fá að vera á Ólympíuleikum og spila þar. Það eru ekki allir íþróttamenn sem fá það tækifæri og fyrir það er ég þakklátur,“ sagði Aron en er hann búinn að vinna úr svekkelsinu er liðið féll úr leik gegn Ungverjum?

### Vil ekki horfa á Ungverjaleikinn

„Ég held það. Við Guðjón Valur erum saman út í Kiel og við höfum eytt nokkrum kvöldstundum í að rifja þetta upp. Við endum venjulega bölvandi þegar á því stendur. Það tók samt nokkra daga að jafna sig á þessu sára tapi. Sem betur fer fór allt á fullt með Kiel fljótlega þannig að hægt var að hugsa um eitthvað annað. Ég get samt alveg viðurkennt að ég hef ekki horft aftur á þennan leik og mun líklega aldrei gera það.“




Á síðustu tveimur stórmótum hefur Aron staðið sig gríðarlega vel með landsliðinu og er nú orðinn burðarás liðsins.

„Það er búið að segja við mig lengi að það komi að þessu en ég er samt bara 22 ára. Ég vissi að þessi tímapunktur kæmi. Ég hef lagt mikið á mig og fagna því að fá að bera ábyrgð.“

Það var vitað mál að Kiel myndi ekki vinna endalaust alla sína leiki. Liðið er þegar búið að tapa tveimur leikjum í þýsku deildinni í vetur en hvernig fer það í hópinn að upplifa tap eftir alla þessa sigurgöngu?

„Það er mjög skrítið. Þetta er ekki líkt okkur og gerist ekki oft. Það voru talsvert miklar breytingar hjá okkur milli ára og við gerðum okkur alveg grein fyrir því að við myndum ekki leika það afrek eftir að fara taplausir í gegnum heilt tímabil. Það er ekkert víst að það verði nokkru sinni leikið eftir. Við erum samt enn með í toppbaráttunni og í baráttunni á öllum vígstöðvum. Það er eiginlega ekki hægt að biðja um mikið meira en það. Sérstaklega þar sem við erum að keppa í sterkustu deild í heimi.“

### Á Alfreð mikið að þakka

Það var ljóst fyrir löngu síðan að Aron ætti alla möguleika á því að ná í allra fremstu röð. Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, ákvað því að veðja á drenginn ungan að aldri og hefur fóstrað hann undanfarin ár með góðum árangri.

„Alfreð á stóran þátt í því að ég er kominn þar sem ég er í dag. Þegar hann náði í mig til FH var áætlunin að lána mig frá félaginu í eitt til tvö ár. Það breyttist og ég fékk í staðinn spiltíma hjá Kiel og tækifæri til þess að þroskast sem leikmaður. Ég er hrikalega þakklátur fyrir það í dag. Ég finn mun á mér á hverju ári og alltaf jákvæðan. Alfreð hefur verið þjálfarinn minn í þrjú og hálft ár í besta liði í heimi og á klárlega sinn þátt í hvernig leikmaður ég er í dag.“

Það styttist í heimsmeistaramótið á Spáni en Ísland spilar sinn fyrsta leik þann 12. janúar. Eftir þetta farsæla ár og nýja titilinn gerir Aron sér grein fyrir því að fólk ætlast til mikils af honum á Spáni.

„Það er alveg á hreinu. Það verður ágætis pressa. Ég finn mig samt betur þegar ég þarf að bera ábyrgð og er undir pressu. Ég vil frekar hafa pressu en ekki. Þá líður mér betur. Þetta verður skemmtilegt mót og ég get bara ekki beðið eftir því að það byrji,“ sagði Aron en hann fær meira skotleyfi hjá landsliðinu en með Kiel.

„Ég er búinn að vera að teygja á öxlinni síðustu vikur fyrir landsliðstörnina. Þetta eru mismunandi lið, Ísland og Kiel, og með landsliðinu þarf ég að skjóta meira. Það er ekkert mál að setja sig inn í það og ég fíla það líka,“ sagði íþróttamaður ársins 2012. Hvaða markmið hefur hann sett sér fyrir árið 2013?

„Það er að toppa þetta ár. Maður verður að reyna það. Hjá Kiel ætlum við að reyna að vinna alla titla og svo dreymir mig auðvitað um að vinna til gullverðlauna með íslenska landsliðinu. Ég hef fengið brons með landsliðinu en stóri draumurinn er gull. Ég ætla ekki að lofa því gulli núna í janúar en ég lofa að ég mun spila nokkur ár í viðbót með landsliðinu.“

henry@frettabladid.is

## Þjálfari og lið ársins

Sú nýbreytni var á kjöri íþróttamanns ársins í ár að valinn var þjálfari ársins og lið ársins. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fagnaði 100 ára afmæli sínu við sama tækifæri og því þótti kjörið að bæta við verðlaunaflokkum að þessu sinni en áfram verður kosið um þessi verðlaun á næstu árum.

Alfreð Gíslason var valinn þjálfari ársins. Hann fékk 22 atkvæði í kjörinu en Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins í handbolta, fékk eitt.

Alfreð er þjálfari þýska liðsins Kiel sem vann alla stóru bikarana í handboltanum á síðustu leiktíð – Meistaradeildina, þýsku deildina og þýska bikarinn. Lið Alfreðs náði líka þeim sögulega árangri að fara í gegnum heilt tímabil í þýsku deildinni án þess að tapa leik.

Kvennalandslið Íslands í hópfimleikum var valið lið ársins. Það fékk 22 atkvæði en kvennalandslið Íslands í knattspyrnu fékk eitt atkvæði.

Hópfimleikaliðið varð Evrópumeistari síðasta sumar og varði þar með titil sinn frá því fyrir tveimur árum. Frábær árangur.



### SVONA FÓR KJÖRIÐ

| | |
|---|---|
| 1. Aron Pálmarsson, handbolti | 425 stig |
| 2. Ásdís Hjálmsdóttir, frjálsíþróttir | 279 |
| 3. Jón Margeir Sverrisson, sund | 267 |
| 4. Gylfi Þór Sigurðsson, knattspyrna | 149 |
| 5. Þóra B. Helgadóttir, knattspyrna | 122 |
| 6. Auðunn Jónsson, kraftlyftingar | 74 |
| 7. Alfreð Finnbogason, knattspyrna | 65 |
| 8. Ásgeir Sigurgeirsson, skotfimi | 61 |
| 9. Íris Mist Magnúsdóttir, fimleikar | 58 |
| 10. Kári Steinn Karlsson, frjálsíþróttir | 55 |
| 11. Guðjón Valur Sigurðsson, handbolti | 51 |
| 12. Ragna Ingólfsdóttir, badminton | 27 |
| 13. Jón Arnór Stefánsson, körfubolti | 25 |
| 14. Aðalheiður Rósa Harðardóttir, karate | 7 |
| 15.-17. Guðný Jenný Ásmundsdóttir, handbolti | 3 |
| 15.-17. Sarah Blake Bateman, sund | 3 |
| 15.-17. Alexander Petersson, handbolti | 3 |
| 18.-19. Helena Sverrisdóttir, körfubolti | 2 |
| 18.-19. Ólafur Stefánsson, handbolti | 2 |
| 20. Aníta Hinriksdóttir, frjálsíþróttir | 1 |

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!



30% afsláttur

3499 kr. kg

Verð áður ~~4998~~ kr. kg

Ungnautalund, frosin erlend



35% afsláttur

2989 kr. kg

Verð áður ~~4598~~ kr. kg

Ungnauta entrecote, erlent

# ÁRAMÓTAVEISLA FYRIR ÞIG OG ÞÍNA!



1598 kr. kg

Lambalæri, trönuberja- og eplamarinerað

FRÁBÆRT VERÐ!



998 kr. kg

Grísahryggur með pöru

GOTT VERÐ



698 kr. kg

Grísabógur, hringskorinn



40% afsláttur

489 kr. stk.

Verð áður ~~749~~ kr. stk.

Krónu Hátíðar ískaka



559 kr. stk.

Ljótur, blámygluostur



129 kr. pk.

Tuc saltkex, 3 teg.



389 kr. stk.

St. Dalfour sulta, 4 teg.

OPIÐ TIL KL. 15 í dag – opnum aftur kl. 10 2. janúar

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

## ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**SUNDERLAND - TOTTENHAM 1-2**
1-0 John O'Shea (40.), 1-1 Carlos Cuellar, sjm (48.), 1-2 Aaron Lennon (51.).

**ASTON VILLA - WIGAN 0-3**
0-1 Ivan Ramis (3.), 0-2 Emmerson Boyce (52.), 0-3 Arouna Kone (56.).

**FULHAM - SWANSEA 1-2**
0-1 Danny Graham (19.), 0-2 Jonathan de Guzman (52.), 1-2 Bryan Ruiz (56.).

**MAN. UTD - WBA 2-0**
1-0 Gareth McAuley, sjm (9.), 2-0 Robin van Persie (90.).

**NORWICH - MAN. CITY 3-4**
0-1 Edin Dzeko (2.), 0-2 Edin Dzeko (4.), 1-2 Anthony Pilkington (15.), 1-3 Sergio Aguero (50.), 2-3 Russell Martin (63.), 2-4 Mark Brunn, sjm (67.), 3-4 Russell Martin (75.).

**READING - WEST HAM 1-0**
1-0 Pavel Pogrebnyak (5.).

**STOKE - SOUTHAMPTON 3-3**
0-1 Rickie Lambert (10.), 1-1 Kenwyne Jones (16.), 1-2 Jay Rodriguez (24.), 1-3 Andy Wilkinson, sjm (36.), 2-3 Matthew Upson (67.), 3-3 Cameron Jerome (90.).

**ARSENAL - NEWCASTLE 7-3**
1-0 Theo Walcott (20.), 1-1 Demba Ba (43.), 2-1 Alex Oxlade-Chamberlain (50.), 2-2 Sylvain Marveaux (59.), 3-2 Lukas Podolski (64.), 3-3 Demba Ba (69.), 4-3 Theo Walcott (73.), 5-3 Olivier Giroud (84.), 6-3 Olivier Giroud (87.), 7-3 Theo Walcott (90.+1).

**EVERTON - CHELSEA 1-2**
1-0 Steven Pienaar (2.), 1-1 Frank Lampard (42.), 1-2 Frank Lampard (72.).

**QPR - LIVERPOOL 0-3**
0-1 Luis Suarez (10.), 0-2 Luis Suarez (16.), 0-3 Daniel Agger (28.)

### STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man.Utd. | 20 | 16 | 1 | 3 | 50:28 | 49 |
| Man.City | 20 | 12 | 6 | 2 | 38:19 | 42 |
| Chelsea | 19 | 11 | 5 | 3 | 39:18 | 38 |
| Tottenham | 20 | 11 | 3 | 6 | 36:26 | 36 |
| Arsenal | 19 | 9 | 6 | 4 | 39:21 | 33 |
| Everton | 20 | 8 | 9 | 3 | 33:25 | 33 |
| W.B.A. | 20 | 10 | 3 | 7 | 28:25 | 33 |
| Stoke | 20 | 6 | 11 | 3 | 21:17 | 29 |
| Liverpool | 20 | 7 | 7 | 6 | 31:26 | 28 |
| Wigan | 20 | 5 | 3 | 12 | 22:35 | 18 |
| Aston Villa | 20 | 4 | 6 | 10 | 15:39 | 18 |
| Southampton | 19 | 4 | 5 | 10 | 26:37 | 17 |
| Reading | 20 | 2 | 7 | 11 | 22:37 | 13 |
| Q.P.R. | 20 | 1 | 7 | 12 | 16:36 | 10 |

# Persie heiðraði fallinn félaga

Robin van Persie var enn og aftur á skotskónum fyrir Man. Utd um helgina. Hann tileinkaði markið vini sínum sem féll frá síðasta föstudag. Man. Utd fer inn í nýja árið með sjö stiga forskot á meistara Man. City.

**FÓTBOLTI** Man. Utd hefur venjulega verið öflugt yfir hátíðirnar og það er engin breyting á því í ár. Liðið lagði spútniklið WBA um helgina á sama tíma og tíu leikmenn Man. City unnu mikinn baráttusigur á Norwich. Munurinn á liðunum verður því sjö stig er nýja árið rennur í garð.

„Van Persie er stórkostlegur leikmaður. Hann kom inn af bekknum og breytti leiknum fyrir okkur," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, um Hollendinginn sem kom inn í stöðunni 1-0 fyrir United en þá lá verulega á liðinu. Van Persie kláraði svo leikinn með glæsilegu marki.

„Hann sótti á þá í hvert skipti sem hann fékk boltann. Þeir urðu að bakka inn í teiginn í hvert einasta skipti. Þetta var virkilega góð innkoma og allt annar bragur á liðinu eftir að Persie og Paul Scholes komu af bekknum."

Fyrra mark leiksins var sjálfsmark hjá varnarmanni WBA eftir að Ashley Young hafði þrykkt boltanum inn í teiginn.

„WBA stóð sig virkilega vel. Það er mikil seigla í þessu liði og þeir lögðu virkilega hart að sér. Ég tek ekkert af gestunum sem settu okkur undir mikla pressu og við urðum að hafa fyrir þessum sigri. Ég er því virkilega ánægður með stigin þrjú," sagði Ferguson.



**GLEYMI ÞÉR ALDREI** Van Persie tileinkaði vini sínum Tchuna markið um helgina en Tchuna féll frá á föstudag. NORDICPHOTOS/GETTY

### Nasri sá rautt

Man. City lenti í miklum rússíbana gegn Norwich. Meistararnir byrjuðu leikinn frábærlega því Dzeko skoraði tvö mörk í upphafi leiks og kom liðinu í frábæra stöðu. Rétt fyrir hlé missti liðið aftur á móti Samir Nasri af velli með rautt spjald. Síðari hálfleikur var mikill hanaslagur sem City vann að lokum.

„Ég skil ekki þetta rauða spjald eða hvað aðstoðardómarinn taldi sig hafa séð. Leikmennirnir settu hausinn hvor í annan. Ef dómarinn ætlar að reka einhvern út af þá verður hann að reka báða af velli. Ekki bara Samir," sagði Roberto Mancini, stjóri City, reiður eftir leikinn.

Hann er þegar í vondum málum hjá aganefnd enska knattspyrnusambandsins eftir að hafa sagt að Kevin Friend dómari hefði borðað of mikið um jólin. Hann lét það ekki stöðva sig.

„Það er mikil ábyrgð á herðum aðstoðardómarans í þessu tilviki. Þetta var ekki góð ákvörðun. Þetta var reyndar algjörlega ótrúlegt því aðstoðardómarinn sá ekki neitt. Dómarinn sá þetta aftur á móti. Það er ekki spurning að við munum áfrýja þessu spjaldi," sagði stjórinn og bætti við að hann væri líka ósáttur við Nasri og að hann myndi refsa honum fyrir að halda ekki haus.

„Ég skil ekki hvernig það geta verið tvær reglur á vellinum. Ein fyrir okkur en önnur fyrir Norwich. Í lífinu á allt að ganga jafnt yfir alla. Þetta á að vera svo auðvelt fyrir dómarana en ég vil ekki tala of mikið um þá því ég sagði að þeir borðuðu of mikið síðast. Ég er aftur á móti himinlifandi með mína menn."

henry@frettabladid.is


*Kynslóðir elda með okkur*

Fissler

*Fissler pottar, pönnur og önnur búsáhöld í miklu úrvali. Einnig vandaðir hraðsuðupottar sem gera matseldina hraðari og hollari. Þýsk hágæðavara.*

*Fissler hefur framleitt hágæða potta og pönnur í Þýskalandi í 167 ár.*

MADE IN GERMANY

ÚTSÖLUSTAÐIR:

Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178. Sími: 568 9955.

Líf&List
SMÁRALIND

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Heimilistæki ht.is
Umboðsmenn um land allt
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500


**HEITUR** Lampard minnti hraustlega á sig með tveimur mörkum í gær.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Lampard í banastuði

Walcott skoraði þrennu fyrir Arsenal í lygilegum leik.

**FÓTBOLTI** Lið Chelsea er heldur betur að komast í gang undir stjórn Rafa Benitez. Liðið lagði Everton í gær með tveimur mörkum frá Frank Lampard.

Reyndar var frammistaða liðsins ekkert sérstaklega sannfærandi í gær. Everton var betra liðið lengi vel, skaut í slá og stöng en það er ekki nóg. Chelsea nýtti færin og tók öll stigin.

„Þetta var erfitt. Þessi leikur er alltaf einn sá erfiðasti á hverju tímabili. Við vorum teknir í gegn hérna í fyrra og urðum því að svara fyrir okkur," sagði hetja Chelsea, Frank Lampard.

„Það tók okkur hálftíma að komast í gang. Vissulega vorum við svolítið heppnir en við urðum að halda trúnni. Það er mikið eftir af þessu tímabili."

Lampard bætti við að hann væri ekki í samningaviðræðum við Chelsea sem stendur en hann verður samningslaus í sumar.

Leikur Arsenal og Newcastle var ótrúleg skemmtun. Newcastle jafnaði í þrígang en það dugði ekki til því Arsenal skoraði fjögur síðustu mörkin og vann hreint lygilegan 7-3 sigur.

Theo Walcott var eftirsóttur fyrir leik en hann varð enn eftirsóttari eftir leikinn því hann skoraði þrennu og lék á als oddi. Samningur hans við Arsenal rennur út næsta sumar og hann má byrja að ræða við önnur félög í vikunni.

„Það er minn vilji að gera nýjan samning við Theo. Ég tel að hann eigi heima hjá þessu félagi og vonandi tekst okkur að ná saman. Ég held að Theo elski félagið og ég veit að félagið elskar hann. Það er erfitt að finna slíkt samband," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, en það verður erfiðara og erfiðara fyrir hann að landa nýjum samningi við Walcott á meðan hann heldur áfram að skora.

„Fyrsta markið hans var mark í anda Thierry Henry. Theo er orðinn góður í að klára færin og hefur lært mikið. Hann er greindur og mun halda áfram að bæta sig," bætti Wenger við en Henry stóð upp og klappaði fyrir fyrsta marki Walcott.

Walcott hefur lengi viljað spila sem framherji og blómstrar þar núna.

„Ég geri ekki ráð fyrir að spila alltaf í fremstu víglínu en ég er að sýna mönnum núna hvað ég get þar. Vonandi hef ég opnað augu einhverra," sagði Walcott.

- hbg


23rd IHF MEN'S WORLD CHAMPIONSHIP
HANDBALL 2013
SPORT HD
VIÐ TRÚUM Á SIGUR
HM Í HANDBOLTA
Í LEIFTRANDI HÁSKERPU
HEFST 11. JANÚAR
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS
ÞORSTEINN J. OG GESTIR
Þorsteinn J. sér um upphitun fyrir leiki og stýrir ítarlegri umfjöllun eftir leiki ásamt handboltasérfræðingum og góðum gestum.
#HM2013
Arion banki
VALITOR
ICELANDAIR
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## Stöð 2 kl. 20.55
### New Year's Eve

Stórskemmtileg rómantísk gamanmynd með fjölda flottra leikara í helstu hlutverkum. Í myndinni eru tvinnaðar saman nokkrar sögur sem tengjast allar. Meðal leikara eru Halle Berry, Jessica Biel, Abigail Breslin, Robert De Niro, Zac Efron, Katherine Heigl, Ashton Kutcher, Sarah Jessica Parker, Michelle Pfeiffer og Hilary Swank.

## Í KVÖLD



### The Artist

**RÚV KL. 20.50** Stjarna í þöglu myndunum kynnist ungri dansmey. Með tilkomu talmyndanna eykst frægð hennar og frami en hallar undan fæti hjá honum. Aðalhlutverk leika Jean Dujardin, Bérénice Bejo og John Goodman.

Rotten Tomatoes 98% IMDb 8,1



### Edge of Darkness

**SKJÁR 1 KL. 21.30** Mel Gibson fer með hlutverk lögreglumannsins Thomas Craven í þessari spennumynd Martins Campbell byggða á smáseríu hans á BBC frá 1985. Þegar Craven verður vitni að morði dóttur sinnar, Emmu, reynir hann að hafa hendur í hári morðingjanna en uppgötvar um leið leynt og dularfullt líf Emmu.

Rotten Tomatoes 58% IMDb 6,6



### Mission: Impossible - Ghost Protocol

**RÚV KL. 22.30** Nýjasta myndin um Ethan Hunt og félaga sem þurfa nú að leggja sig alla fram til að hreinsa nafn deildar sinnar eftir að hún er bendluð við hryðjuverkasprengingar. Sem fyrr fer Tom Crusie með hlutverk Hunt en með önnur helstu hlutverk fara Paula Patton, Jeremy Renner og Simon Pegg.

Rotten Tomatoes 94% IMDb 7,4

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**08.00** Klukkur landsins **08.25** Sinfónía nr. 9 eftir Ludwig van Beethoven **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Ó, þú tæra lind **11.00** Guðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Ávarp forseta Íslands, **13.25** Brúður hafsins **13.55** Strengir og straumar **14.45** Tvísöngur **15.10** Hljóðin úr eldhúsin **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Ungir píanistar **17.10** Handhafi viðurkenningar úr rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins **2012** **18**.00 Kvöldfréttir **18.15** Nýársóperan: Lohengrin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Stjörnur, ljósglit og bjarmi af einu kerti **22.55** Smásaga: Sómavendni **23.29** Kvöldstund með Mozart **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**10.30 Á fleygiferð að Nornafjalli** *(Race to Witch Mountain)* Leigubílstjóri í Las Vegas og sérfræðingur í fljúgandi furðuhlutum reyna að bjarga systkinum úr klóm illmenna.

**12.10 Áramótamót Hljómskálans** *(e)*

**13.00 Ávarp forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar**

**13.25 Ávarp forseta Íslands á táknmáli**

**13.40 Svipmyndir af innlendum vettvangi 2012** *(e)*

**14.40 Svipmyndir af erlendum vettvangi 2012** *(e)*

**15.30 Nýárstónleikar í Vínarborg**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Litla skrímslið og stóra skrímslið** Upptaka af sýningu Þjóðleikhússins.

**18.45 Tíu mínútna sögur – Á göngu** *(Ten Minute Tales) (e)*

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veðurfréttir**

**19.25 Vetrarferðin** Kristinn Sigmundsson söngvari og Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari flytja Vetrarferðina eftir Franz Schubert.

**20.50 Listamaðurinn** *(The Artist)* Stjarna í þöglu myndunum kynnist ungri dansmey. Með tilkomu talmyndanna eykst frægð hennar og frami en hallar undan fæti hjá honum. Aðalhlutverk leika Jean Dujardin, Bérénice Bejo og John Goodman.

**22.30 Sérsveitin IV - Leyniskýrslan** *(Mission: Impossible - Ghost Protocol)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.40 Í takt við tímann** Íslensk bíómynd frá 2004. Hér er tekinn upp þráðurinn frá því í myndinni Með allt á hreinu 20 árum fyrr.

**02.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.00 Come See The Paradise**

**13.45 Ghosts of Girlfriends Past**

**15.25 Come See The Paradise**

**19.15 Ghosts of Girlfriends Past**

**20.55 Cyrus**

**22.30 The Road**

**00.20 A Little Trip to Heaven**

**01.50 Cyrus**

**03.20 The Road**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**11.45 GoldiLocks and the 3 Bears Sho** Stórskemmtileg og launfyndin talsett teiknimynd þar sem snúið er rækilega út úr ævintýrinu sígilda um Gullbrá og grísina þrjá.

**13.20 Fantastic Mr. Fox** Bráðskemmtileg brúðumynd sem byggð er á metsölubók eftir Roald Dahl og fjallar um Mr. Fox sem er alræmdur kjúklingaþjófur og fréttir það í miðju ráni að konan hans er ólétt. Hann ákveður að söðla um og gerast heiðarlegur refur.

**14.50 Titanic** Stórmynd James Camerons í öllu sínu veldi. Saga um ást, hugrekki, trú og fórnir sem hlaut alls 11 Óskarsverðlaun.

**18.05 How I Met Your Mother** *(11:22)* Ted leigir limmósínu fyrir vinahópinn til þess að flytja þau á milli fimm partía á nýársnótt í þeim tilgangi að komast að því hvert þeirra er skemmtilegast.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.55 Með allt á hreinu – tónleikar** Upptaka frá stórkostlegum tónleikum Stuðmanna í Eldborgarsal Hörpu frá því í haust í tilefni þess að 30 ár eru nú frá frumsýningu kvikmyndarinnar Með allt á hreinu. Öll lögin úr kvikmyndinni ástsælu voru flutt auk nýrri laga Stuðmanna. Þá stigu á stokk ófáir ómissandi gestir á borð við Grýlurnar og Eggert Þorleifsson í hlutverki Dúdda.

**20.55 New Year's Eve** Stórskemmtileg rómantísk gamanmynd sem gerist öll á einu kvöldi, gamlárskvöldi, og við kynnumst hér nokkrum ólíkum persónum. Öll búa þau í borginni sem aldrei sefur, New York, og þótt fæst þeirra þekkist innbyrðis eiga leiðir þeirra eftir að skarast á mismunandi hátt þetta kvöld, með ólíkum en óvæntum afleiðingum. Með aðalhlutverk fara Halle Berry, Jessica Biel, Zac Efron, Aston Kutcher ásamt hópi annarra stórleikara.

**22.55 127 Hours** Dramatísk mynd byggð á sönnum atburðum með James Franco í aðalhlutverki um ótrúlega sögu Arons Ralston sem neyðist til að grípa til örþrifaráða þegar hann festir á sér handlegginn í klettum úti í óbyggðum.

**00.30 Inhale** Æsileg spennumynd í leikstjórn Baltasars Kormáks. Dermot Mulroney og Diana Kruger fara með hlutverk hjóna sem leita allra leiða til að finna líffæragjafa fyrir fársjúka dóttur sína.

**01.50 All About Steve**

**03.25 Titanic**

## SPORT *besta sætið*

**12.00 Arnold Classic** Sýndar svipmyndir frá Arnold Classic-mótinu sem fram fór í Columbus í Ohio. Það voru meira en 18 þúsund keppendur sem mættu til leiks og tóku þátt í 45 íþróttagreinum og viðburðum.

**13.35 Nedbank Golf Challenge 2012** Útsending frá einstöku golfmóti þar sem 12 af bestu kylfingum heims er boðið til leiks.

**21.40 Ísland á HM 2013** Skemmtilegur þáttur um íslenska handboltalandsliðið og möguleika þess fyrir HM á Spáni í janúar. Þorsteinn J. fór til Þýskalands og hitti þar helstu landsliðsmenn Íslands og þjálfara í þýska handboltanum.

**22.20 NBA: Miami - Oklahoma**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.00 Sunnudagsmessan**

**09.15 Man. Utd. - WBA**

**10.55 Sunderland - Tottenham**

**12.35 WBA - Fulham** BEINT

**14.45 Wigan - Man. Utd.** BEINT

**17.15 Southampton - Arsenal** BEINT

**19.30 Tottenham - Reading**

**21.10 Man. City - Stoke**

**22.50 West Ham - Norwich**

**00.30 Swansea - Aston Villa**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.

**08.00 Könnuðurinn Dóra**

**08.25 Svampur Sveinsson**

**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.00 UKI**

**09.10 Elías**

**09.25 Strumparnir**

**09.45 Latibær** *(8:18)*

**10.10 Ofurhundurinn Krypto**

**10.35 Hiseria!**

**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

**17.00 Villingarnir**

**17.20 Ofurmennið**

**17.45 Njósnaskólinn** *(8:13)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(7:22)*

**17.25 Simpson-fjölskyldan** *(1:22)*

**17.50 Íslenski listinn**

**18.15 Gossip Girl** *(15:25)*

**19.00 Friends** *(5:23)* Gengið hefur ákveðið að koma saman á fínum veitingastað til að halda upp á afmæli Phoebe, en Joey og Phoebe seinkar af ýmsum misskemmtilegum ástæðum og þau Joey eiga í erfiðleikum með að halda þessu fína borði á staðnum.

**19.25 How I Met Your Mother** *(4:24)*

**19.50 Simpson-fjölskyldan**

**20.15 The Secret Circle** *(20:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.

**21.00 The Vampire Diaries** *(20:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.

**21.45 Smallville** *(2:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

**22.30 The Secret Circle** *(20:22)*

**23.10 The Vampire Diaries** *(20:22)*

**23.55 Smallville** *(2:22)*

**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** *(103:175)*

**19.00 Ellen** *(1:170)*

**19.40 Mr. Bean** *(13.14)*

**20.05 The Office** *(3:6)*

**20.40 Gavin and Stacy** *(4:7)*

**21.10 Spaugstofan**

**21.35 Mr. Bean** *(13.14)*

**22.00 The Office** *(3:6)*

**22.30 Gavin and Stacy** *(4:7)*

**23.00 Spaugstofan**

**23.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**10.20 Ný skammarstrik Emils í Kattholti** Mynd byggð á sögu Astrid Lindgren um prakkarann og óþekktarorminn Emil sem býr í Kattholti.

**11.40 Yours, Mine and Ours** Dennis Quaid leikur mann sem tekur saman við konu leikna af Rene Russo. Vart væri það frásögur færandi ef væri ekki fyrir átta börn hans úr fyrra hjónabandi og hennar tíu.

**13.25 Gulleyjan** *(2:2)* Vönduð framhaldsmynd sem segir hina sígildu sögu Robert Louis Stevenson Gulleyjan eða Treasure Island. Sagan fjallar um leitina að verðmætum fjársjóði með frægasta sjóræningja heims í forgrunni, Long John Silver. Uppistandarinn Eddie Izzard hefur fengið mikið lof fyrir túlkun sína á sjóræningjanum alræmda og hefur framhaldsmyndin fengið afar góða dóma um víða veröld.

**14.55 Upstairs Downstairs** *(1:3) (2:3) (3:3) (e)* Vandaðir þættir um lífið á bresku óðalssetri í Lundúnum á millistríðsárunum í Bretlandi.

**17.25 30 Rock** *(18:22) (19:22) (e)*

**18.15 Mystic Pizza** Sígild kvikmynd frá níunda áratugnum með Juliu Roberts og Lili Taylor í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um Daisy og Jojo og líf þeirra og störf á pitsustaðnum Mystic Pizza.

**20.00 Prayers for Bobby** Einstök kvikmynd frá árinu 2009 sem tilnefnd var til fjölda verðlauna. Myndin fjallar um konu sem tekst á við sjálfsvíg sonar síns. Aðalhlutverk eru í höndum Sigourney Weaver.

**21.30 Edge of Darkness**

**23.30 A Guy Thing** Rómantísk gamanmynd með Jason Lee, Julia Styles og Selma Blair í aðalhlutverkum. Brúðgumi vaknar eftir steggjapartýið sitt í örmum annarrar konu og upphefst þá farsakennd atburðarrás.

**01.15 Excused** *(e)*

**01.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.50** Ryder Cup **2012** *(2:3)* **18.40** Ryder Cup **2012** *(3:3)* **01.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing Forystumenn atvinnulífsins um ástand og horfur **21.00** Svartar tungur Nú líta menn fram á veginn **21.30** Svartar tungur Nú líta menn fram á veginn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is


KALLI BERNDSEN
UM LAND ALLT
TÝNDA KYNSLÓÐIN
HEIMSÓKN
2 HD
Í LEIFTRANDI HÁSKERPU
STÖÐ 2 HD | VODAFONE Á RÁS 502
STÖÐ 2 HD | SÍMANUM Á RÁS 203
STÖÐ 2 HD | HD ÖRBYLGJUMYNDLYKILL Á RÁS 15
ÞAÐ ÞARF AÐ UPPFÆRA OG ENDURRÆSA ADSL- OG ÖRBYLGJUMYNDLYKLA
STÓRAUKIÐ NETFRELSI
SJÁLSTÆTT FÓLK
SPAUGSTOFAN
SPURNINGABOMBAN
FJÖLSKYLDAN Á SKILIÐ ÞAÐ BESTA
– SKEMMTUN FYRIR ALLA Á NÝJU ÁRI
MANNSHVÖRF, HEFST Í JANÚAR
ÚRSLITAKEPPNI Í MASTERCHEF ÍSLAND
FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR
FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2
OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI
2 BÍÓ
2 GULL
2 krakkar
POPP TÍVÍ
ALLT ÞETTA FYRIR 265 KR. Á DAG
JOHNNY ENGLISH REBORN
FÓSTBRÆÐUR
SVEPPI
TVEIR + SEX
2 VILD
– SJÁLFVIRKIR AFSLÆTTIR BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA – SKRÁÐU ÞIG INN Á STOD2.IS
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 14.00
**KRYDDSÍLD**

Kristján Már Unnarsson sér um árlegan áramótaþátt sem hefur verið fastur liður á dagskrá gamlársdags Stöðvar 2 allt frá árinu 1990. Leiðtogar helstu stjórnmálaflokka landsins staldra við og vega og meta árið sem er að líða á léttum nótum. Fréttastofa Stöðvar 2 velur svo mann ársins að vanda.

## Í KVÖLD



### Home for the Holidays
**SKJÁR 1 KL. 12.55** Holly Hunter, Robert Downey Jr. og Claire Danes fara með aðalhlutverkin í þessari gamanmynd í leikstjórn Jodie Foster. Þakkargjörðarhátíðin nálgast og Claudia, sem nýlega missti vinnuna, ákveður að halda heim og verja henni með flókinni fjölskyldu sinni.

Rotten Tomatoes 63% IMDb 6,4



### Mamma Mia
**STÖÐ 2 KL. 21.00** Amanda Seyfried, Meryl Streep, Colin Firth og Pierce Brosnan þenja öll raddböndin í einni vinsælustu söngvamynd síðari ára. Myndin er byggð á lögum sænsku hljómsveitarinnar Abba og segir frá Sophie. Hún býður þremur fyrrum ástmönnum móður sinnar í brúðkaupið sitt í þeirri von að einn þeirra sé faðir hennar.

Rotten Tomatoes 54% IMDb 6,3



### Áramótaskaup 2012
**RÚV KL. 22.30** Þá er komið að því að kveðja árið með því að líta yfir helstu atburði þess í spaugilegum flutning margra af þekktustu leikurum þjóðarinnar. Það er Gunnar Björn Guðmundsson sem leikstýrir skaupinu þetta árið í fjórða sinn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Í lok árs **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Þegar NASA var Bláa stjarnan **14.00** Nýárskveðjur **15.00** Árið sem heimurinn endaði ekki **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Hvað gerðist á árinu? **17.50** HLÉ **18.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju **19.00** Þjóðlagakvöld **20.00** Ávarp forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur. **20.15** Máninn hátt á himni skín **20.20** Einum of: Ýkjur og undarlegheit **21.10** Stórsveit Reykjavíkur og Glenn Miller **22.05** Veðurfregnir **22.10** Tímamót **23.00** Kampavín og kristalsglös **23.42** Áramótalúðrar **23.54** Brennið þið vitar **23.59** Kveðja frá Ríkisútvarpinu **00.05** Gleðilegt ár! **01.00** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**10.30 Hundar í háloftum** *(Space Buddies)* Nokkrir hundar halda út í geim og lenda bæði í háska og skemmtilegum uppákomum. e.

**11.50 Sérðu það sem ég sé?** *(Horizon: Do You See What I See?) (e)*

**12.50 Táknmálsfréttir**

**13.00 Fréttir**

**13.15 Veðurfréttir**

**13.20 Íþróttaannáll 2012** *(e)*

**13.49 Íþróttaannáll 2012** *(e)*

**15.17 Bolshoj-leikhúsið - Opnunarhátíð** *(Bolshoi - Re-Opening Gala)* Upptaka frá hátíðarskemmtun í tilefni af opnun Bolshoj-leikhússins í Moskvu eftir viðgerðir í október.

**17.03 Jólatónleikar Rásar 1** *(e)*

**18.00 Jólastundin okkar** *(e)*

**18.30 Hr. Bean fer í fríið** *(Mr. Bean's Holiday) (e)* Hr. Bean vinnur ferð til Cannes. Þar aðskilur hann óvart ungan dreng frá pabba sínum en rembist við að koma þeim saman aftur.

**20.00 Ávarp forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur**

**20.20 Svipmyndir af innlendum vettvangi 2012**

**21.25 Svipmyndir af erlendum vettvangi 2012**

**22.30 Áramótaskaup 2012**

**23.25 Álfareiðin** *(e)* Salonkvintettinn L'amour fou leikur íslensk lög.

**23.58 Kveðja frá RÚV**

**00.10 Náttúruöflin** *(Forces of Nature)* Maður sem er að fara að gifta sig missir af flugi vegna óhapps. Með aðalhlutverk fara Ben Affleck og Sandra Bullock.

**01.55 Tónaflóð** *(e)*

**04.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40 Gray Matters**

**13.20 Get Shorty**

**15.05 Field of Dreams**

**16.50 Gray Matters**

**18.30 Get Shorty**

**20.15 Field of Dreams**

**22.00 Slumdog Millionaire**

**00.00 The Transporter**

**01.35 The Jackal**

**03.40 The Transporter**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**12.00 Fréttir Stöðvar 2**

**12.30 Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið** Frábær kvikmynd fyrir alla fjölskylduna um þá Sveppa, Villa og Góa og ævintýri þeirra. Að þessu sinni liggur leið þeirra á hótel þar sem dularfullir atburðir hafa átt sér stað.

**14.00 Kryddsíld 2012** Árlegur áramótaþáttur sem hefur verið fastur liður á dagskrá gamlársdags Stöðvar 2 allt frá árinu 1990. Leiðtogar helstu stjórnmálaflokka landsins staldra við og vega og meta árið sem er að líða á léttum nótum. Fréttastofa Stöðvar 2 velur svo mann ársins að vanda.

**16.00 Gulliver's Travels** Gamanmynd með Jack Black í aðalhlutverki og byggir á ferð Gúllívers til Putalands.

**17.30 Mr. Popper's Penguins** Gamanmynd með Jim Carrey um önnum kafinn vinnuþjark sem neyðist til að endurskoða líf sitt þegar hann fær í arf nokkrar mörgæsir sem hann þarf að hugsa um.

**19.05 The Best of Mr. Bean** Bráðskemmtileg samantekt af öllu því besta frá Mr. Bean, mannsins sem er fullorðinn en virðist hafa verið fæddur í gær.

**20.00 Ávarp forsætisráðherra** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur áramótaávarp.

**20.15 Nýársbomba Fóstbræðra** Þáttastjórnendurnir Magnús og Sigrún fá til sín nokkra góða og vel valda viðmælendur. Ýmislegt fer öðruvísi en ætlað var í þessum spjallþætti þar sem þjóðlegur andi svífur yfir vötnum. Leikarar eru Helga Braga Jónsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Benedikt Erlingsson, Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr Kristinsson.

**21.00 Mamma Mia!**

**22.55 Mið-Ísland í Þjóðleikhúsinu**

**00.30 Ghosts of Girlfriends Past** Frábær, rómantísk gamanmynd með úrvalsleikurunum Matthew McConaughey, Jennifer Garner og Michael Douglas í aðalhlutverkum. Sagan er lauslega byggð á jólasögu Charles Dickens þar sem gamlar kærustur kvennabósans Connors Meads birtast honum hver á fætur annarri í brúðkaupi bróður hans.

**02.10 Date Night**

**03.35 I Love You Phillip Morris**

**05.10 Gulliver's Travels**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**10.00 Pepsi-mörkin**

**11.55 Einvígið á Nesinu**

**12.45 Herminator Invitational** *(1:2)* Sýnt frá góðgerðargolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum.

**13.30 Herminator Invitational** *(2:2)*

**14.05 Ísland á HM 2013** Skemmtilegur þáttur um strákana okkar í íslenska handboltalandsliðinu.

**14.45 Unglingamótið í Mosfellsbæ**

**15.30 Spænski boltinn: Real Madrid - Barcelona**

**17.10 Being Liverpool**

**17.55 Meistaradeild Evrópu: Bayern München - Chelsea** Útsending frá úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu 2012.

**20.30 NBA: Miami - Oklahoma**

**22.30 Pepsi-mörkin**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**08.00 Reading - West Ham**

**09.40 Norwich - Man. City**

**11.20 Arsenal - Newcastle**

**13.00 Everton - Chelsea**

**14.40 QPR - Liverpool**

**16.20 Fulham - Swansea** BEINT

**18.00 Sunnudagsmessan**

**19.15 Man. Utd. - WBA**

**20.55 Sunderland - Tottenham**

**22.35 Stoke - Southampton**

**00.15 Aston Villa - Wigan**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.

**08.00 Könnuðurinn Dóra**

**08.25 Svampur Sveinsson**

**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.00 UKI**

**09.10 Elías**

**09.25 Strumparnir**

**09.45 Latibær** *(7:18)*

**10.10 Ofurhundurinn Krypto**

**10.35 Histeria!**

**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

**17.00 Villingarnir**

**17.20 Ofurmennið**

**17.45 Njósnaskólinn** *(7:13)*

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** *(6:22)*

**17.30 ET Weekend**

**18.15 Gossip Girl** *(14:25)*

**19.00 Friends** *(4:23)* Phoebe er hrædd um að missa nýjasta kærastann sinn og ótti hennar eykst eftir kjánalegar athugasemdir Ross. Chandler er kominn til Tulsa út af vinnunni og Monica ákveður að koma honum „skemmtilega" á óvart á hótelinu. Þá er Joey hundfúll yfir því að sú sem hann á stefnumót við muni ekki eftir að hafa sofið hjá honum áður.

**19.50 How I Met Your Mother** *(3:24)*

**20.15 The Cougar** *(7:8)* Skemmtilegur raunveruleikaþáttur frá þeim sem sömu og gerðu The Bachelor en hér er um að ræða þroskaða konu sem leitar að sálufélaga sínum meðal hóps ungra manna.

**21.00 Hart of Dixie** *(17:22)* Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.

**21.40 The O.C.** *(2:25)* Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Pegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**22.25 The Cougar** *(7:8)*

**23.10 Hart of Dixie** *(17:22)*

**23.50 The O.C.** *(2:25)*

**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(102:175)*

**19.00 Ellen** *(7:170)*

**19.45 Logi í beinni**

**20.30 Að hætti Sigga Hall** *(13:18)*

**21.10 Mér er gamanmál**

**21.40 Logi í beinni**

**22.25 Að hætti Sigga Hall** *(13:18)*

**23.05 Mér er gamanmál**

**23.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**10.40 Rachael Ray** *(e)*

**12.55 Home for the Holidays**

**14.40 Gulleyjan** *(1:2)* Vönduð framhaldsmynd í tveimur hlutum sem segir hina sígildu sögu Robert Louis Stevenson Gulleyjan eða Treasure Island. Sagan fjallar um leitina að verðmætum fjársjóði með frægasta sjóræningja heims í forgrunni, Long John Silver. Uppistandarinn Eddie Izzard hefur fengið mikið lof fyrir túlkun sína á sjóræningjanum alræmda og hefur framhaldsmyndin fengið afar góða dóma um víða veröld.

**16.10 My Big Fat Gypsy Christmas** *(e)*

**17.10 Minute To Win It** *(e)* Barátta kynjanna er í algleymi þegar byggingarverkamaðurinn Marc og kennarinn Shannon etja kappi.

**17.55 Everything or Nothing: The Untold Story of 007** *(e)* Einstök heimildamynd í tilefni af 50 ára afmæli njósnara hennar hátignar.

**19.30 Top Gear Xmas Special** *(e)* Sérstakur 90 mínútna jólaþáttur þeirra Top Gear manna þar sem þeir bralla ýmislegt í tilefni jólanna.

**21.00 Rolling Stones 50th Anniversary Concert** *(e)* Stærsta rokkhljómsveit allra tíma stígur á svið í New York borg og tryllir lýðinn á tónleikum sem fagna 50 ára starfsafmæli þessarar sannarlegu ódauðlegu sveitar.

**00.00 Kill the Irishman** Kvikmynd byggð á sönnum atburðum sem fjallar um írska þorparann Danny Greene, sem vinnur fyrir glæpamenn í Cleveland á áttunda áratugnum. Aðalhlutverk: Val Kilmer, Christopher Walken og Vincent D'Onofrio.

**01.50 The Bachelor** *(7:12) (e)*

**03.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Ryder Cup **2012** *(1:3)* **17.30** PGA TOUR Year-in-Review **2012** *(1:1)* **18.25** Champions Tour Year-in-Review **2012** *(1:1)* **19.20** World Golf Championship **2012** *(4:4)* **01.05** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Áramótauppgjör Stórskotalið ÍNN með bakspegilsgleraugun **20.30** Áramótauppgjör Stórskotalið ÍNN með bakspegilsgleraugun **21.00** Áramótauppgjör Stórskotalið ÍNN með bakspegilsgleraugun **21.30** Áramótauppgjör Stórskotalið ÍNN með bakspegilsgleraugun

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




# VIÐ HÖFUM SPARAÐ ÍSLENDINGUM

# 943.848.000 KRÓNUR




## Höldum áfram að spara

Það er okkur sönn ánægja að tilkynna að frá upphafi höfum við sparað Íslendingum 943.848.000 krónur. Þessu höfum við náð með 447.655 keyptum tilboðum og tölurnar hækka á hverjum degi. Við erum afar stolt af árangrinum og munum halda starfinu áfram í góðu samstarfi við söluaðila og viðskiptavini um land allt.

## Við þökkum frábærar móttökur!

PIPAR\TBWA • SÍA • 123354

**hopkaup.is**

**HÓPKAUP**

í krafti fjöldans

## GAMLÁRSKVÖLDSMATURINN



**„Ég verð í mat hjá frænda mínum í kvöld eins og vanalega. Þar fæ ég frábæran kalkún en fyllingin er ótrúlega góð. Vanalega er ég ekkert sérstaklega hrifin af kalkún en þessi er alveg sérstakur. Ég hlakka mjög til.“**

Gréta Salóme Stefánsdóttir tónlistarkona

# Hótel gefa ferðamönnum í skóinn

Jólaborgin okkar hvetur hótel til að gefa í skóinn en Reykjavík Natura hefur gert það undanfarin fjögur ár.

„Gestunum finnst þetta mjög gaman. Sem dæmi hengdi einn upp blað á hurðina sína og þakkaði Skyrgámi fyrir,“ segir Katelijne Beerten hjá Icelandair hótel Reykjavík Natura.

Hótelið hefur gefið gestum í skóinn undanfarin fjögur ár til að kynna þá fyrir jólasveinunum þrettán. „Önnur hótel hafa fylgt í kjölfarið. Hilton hóf að gefa í skóinn í fyrra og Marína í ár.“

Heiðrún Hákonardóttir, skrifstofustjóri Höfuðborgarstofu, segir sig einnig hafa hvatt hótel til að gefa í skóinn. Er það hluti verkefnisins Jólaborgin Reykjavík sem hófst í vetur. Höfuðborgarstofa og Miðborgin okkar standa að því og er markmið þess að fá fleiri ferðamenn til landsins yfir jólahátíðina.

„Við viljum vekja athygli ferðamanna á íslenskum jólasiðum. Liður í því er að varpa upp teikningum af Grýlu og Leppalúða á hús miðbæjarins. Bjóða ferðamönnum að skera út laufabrauð og hvetja hótel til að gefa í skóinn.“ Hörkuvinna fylgir þessu en gestir fá þrettán sinnum í skóinn. „Við gefum veglega gjöf á aðfangadag en í ár fengu gestir jólasveinaspilið. Alla daga fylgir blað með upplýsingum um jólasveininn sem gaf,“ segir Katelijne en gjafapokar eru hengdir á herbergishurðir gestanna. „Við saumum árlega um þúsund poka úr götóttum lökum,“ segir hún. „Krakkar úr skólum í kring skreyta þá. Sumir skrifa heilu sögurnar, aðrir teikna og enn aðrir skrifa bara „Merry Christmas“.“

**- hþt**



**GJAFAPOKAR** Heiðrún Hákonardóttir og Katelijne Beerten sýna fagurskreytta gjafapoka líkt og hótelgestir fengu fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








**RÓMANTÍK Í REYKJAVÍK** Dean og J.D. trúlofuðu sig hér á landi í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Trúlofuðu sig á Íslandi

Þeir Dean DeBlois og JD George eyða áramótunum saman á Íslandi í þriðja sinn. Þeim líkar vel við land og þjóð, en skilja lítið í Áramótaskaupinu.

„Ætli þetta séu ekki orðin tíu skipti,“ segir kanadíski kvikmyndaleikstjórinn Dean DeBlois þegar hann er spurður hversu oft hann hafi heimsótt Ísland.

Dean er staddur hér á landi ásamt unnusta sínum, J.D. George, en þeir eru búsettir í Los Angeles, og er það í fjórða skipti sem leikstjórinn upplifir íslensk áramót. Um leið fagna þeir eins árs trúlofunarafmæli sínu, en bónorðið var borið upp eftir þriggja ára samband þann 30. desember í fyrra.

„Ég bað hans á meðan við fylgdumst með mikilfenglegri norðurljósasýningu við Reykjanesvita,“ segir Dean, en hann var með hringinn í vasanum og hafði ákveðið að láta slag standa ef þeir sæju norðurljós.

„Eins og staðan er núna getum við ekki gift okkur í Kaliforníu, þó við gætum það í Kanada þar sem ég er kanadískur, en við bíðum bara spakir,“ bætir Dean við og segir að þeir geti einnig vel hugsað sér að láta pússa sig saman hér.

Dean kom hingað fyrst árið 2006 eftir að hafa lengi haft brennandi áhuga á landinu vegna tónlistarinnar héðan. Í kjölfarið fór hann í samstarf með hljómsveitinni Sigur Rós en hann leikstýrði tónleikamyndinni Heima sem kom út ári síðar. Síðan þá hefur hann verið með annan fótinn hér og kann hann vel við íslensku áramótahefðirnar.

„Við gerum eiginlega aldrei alveg það sama á áramótunum og í raun höfum við ekki hugmynd um hvað við gerum í kvöld. Vanalega förum við þó í veislu hjá einhverjum vina okkar, borðum góðan mat, horfum á Áramótaskaupið og fylgjumst auðvitað með flugeldunum á miðnætti,“ en Dean skilur lítið í Áramótaskaupinu, þó hann horfi á það árlega. „Við skiljum ekki bofs, en horfum samt.“

**haukur@frettabladid.is**

## Teiknimyndir og tónlist

Dean hefur starfað við kvikmyndagerð í meira en 20 ár en hann starfaði um árabil hjá Disney og vann þar að teiknimyndum á borð við Mulan og Atlantis: The Lost Empire. Auk þess að hafa leikstýrt hinni geysivinsælu Lilo & Stitch og tónleikamynd Sigur Rósar, Heima, gerði hann kvikmyndina How to Train Your Dragon fyrir Dreamworks og vinnur nú að tveimur framhaldsmyndum hennar.



# Úr herbergi í stúdíó Sigur Rósar

Hljómsveitin RetRoBot gefur út lagið Insomnia í dag og teiknað myndband.

Rafhljómsveitin RetRoBot, sigurvegari Músíktilrauna 2012, gefur í dag út nýja lagið Insomnia og myndband við það.

„Þetta er það lag sem við höfum lagt mest í,“ segir Daði Freyr Pétursson, meðlimur RetRoBot. Sveitin gaf út smáskífuna Blackout á haustdögum sem hefur fengið góðar viðtökur. Hún er tekin upp í heimahúsi ólíkt nýja laginu, sem var tekið upp í Sundlauginni, hljóðveri Sigur Rósar. „Blackout er öll tekin upp í herberginu mínu og hér og þar en við nýttum hljóðverstímana sem við unnum í Músíktilraunum núna,“ segir Daði. „Pétur Ben var með okkur allan tímann og hjálpaði okkur að fikta með „gítareffekta“ og svo vorum við með hljóðmann. Við lögðum mikið í þetta lag og nýttum fullt af hljóðfærum.“

Mikil vinna býr einnig að baki myndbandinu. „Það fjallar um náunga sem breytir öllu sem hann snertir í teiknimyndir.“ En hvernig er það hægt? „Ég er í raun bara að teikna hvern ramma fyrir sig. Þetta er búið að taka mjög langan tíma en þetta fer að klárast,“ sagði Daði, sem var á fullu að klippa myndbandið fyrir helgi.

**- hþt**



**RETROBOT** Daði Freyr Pétursson og Gunnlaugur Bjarnason eru tveir meðlima RetRoBot, sigursveitar Músíktilrauna 2012. Sveitin gefur út nýtt lag sitt í dag og myndband. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Gleðilegt nýtt ár með Vodafone
Við þökkum viðskiptavinum og landsmönnum öllum samfylgdina á liðnu ári. Megi nýja árið færa ykkur gæfu og velgengni.
Þín ánægja er okkar markmið
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sting á Langjökli

Tónlistarmaðurinn og tantratöffarinn **Sting** var staddur á Langjökli í gær þar sem hann skemmti sér á vélsleða. Hárgreiðslumaðurinn Gosi á Rauðhettu og úlfinum sá þessum geðþekka, breska poppara bregða fyrir en lét það eiga sig að ónáða hann.

Að sögn Gosa gaf hann sig þó á tal við nærstadda og einhverjir voru svo lukkulegir að fá af sér mynd með goðinu.



Þetta mun ekki vera í fyrsta skipti sem þessi vinsæli söngvari og bassaleikari heimsækir Ísland, en hann hélt tónleika fyrir fullri Laugardalshöll árið 1997.

### Palli aflýsti á Sigló

**Páll Óskar Hjálmtýsson** neyddist til að aflýsa fyrirhuguðu balli sínu á Siglufirði í gærkvöldi vegna snjóflóðahættu.

Þykir popparanum þetta miður og reynir hann nú að finna nýja dagsetningu fyrir húllumhæið.

Páll kom fram á barnaskemmtun á Akureyri um miðjan dag í gær, en áramótaball hans á Sjallanum fer fram í kvöld og býður hann skrallþyrsta Siglfirðinga hjartanlega velkomna á það. **- hva**



## Mest lesið vísir

1. Sextíu farþegar í rútunni – Reykjanesbrautin enn lokuð
2. Eldur kom upp í flugrútunni á Reykjanesbraut
3. Símon Sigvaldason sakfellir nær alltaf
4. Hataði múslíma og hindúa
5. Björgunarsveitarmenn þurftu að hörfa


Opið til kl. 17 í dag




PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 8, Reykjavík • Amarohúsinu, Akureyri
partybudin.is



ENNEMM / SÍA / NM55465




Við óskum landsmönnum öllum farsældar á nýju ári og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Íslandsbanka um land allt.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki